# Ársskýrsla UMSK 2023

## **100. héraðsþing** 21. mars 2024




UMSK


BREIDABLIK

# Efnisyfirlit





Ávarp formanns .................................................. 5

Stjórn ................................................................ 6

Fjöldi þingfulltrúa ................................................ 7

Aðildarfélög UMSK ............................................... 8

Úr starfi UMSK .................................................... 10

99. héraðsþing UMSK 2023 ....................................11

Aðildarsaga UMSK ................................................ 12

Fjöldatölur á starfssvæði UMSK................................14

Fjöldatölur á starfssvæði UMSK .............................. 15

Úthlutað úr sjóðum UMSK .......................................16

Íslensk getspá og Íslenskar getraunir....................... 17

Úthlutun Lottó, aukaarðgr. ÍSÍ/UMFÍ

og aukagreiðslna UMSK ........................................18

Fréttapunktar ÍSÍ .................................................. 21

Fréttapunktar UMFÍ .............................................. 24

Frá félögunum ..................................................... 27

Ársreikningur UMSK.............................................. 40


## Skýrslan


Skýrsla 2023, lögð fram á 100. héraðsþingi Ungmennasambands Kjalarnesþings
var unnin á skrifstofu UMSK af Victori Inga Olsen í mars 2024.
Umbrot og hönnun: Magnús Óskarsson
Höfundar efnis: Victor Ingi Olsen • Jón Aðalsteinn Bergsveinsson • Guðmundur Sigurbergsson • Aðildarfélög UMSK
Ljósmyndir: Úr safni UMSK, UMFÍ, ÍSÍ og frá félögum.
Prentun: Svansprent



# Ávarp formanns



Velkomin á hundraðasta ársþing UMSK. Að baki er gjöfult íþróttaár þar sem íþróttamenn innan vébanda UMSK náðu framúrskarandi árangri í fjölmörgum íþróttagreinum. Við gleðjumst yfir góðum árangri, fögnum metum og titlum sem vinnast. En að baki framúrskarandi árangri liggur þrotlaus vinna íþróttamanna, þjálfara sem sjaldnast kemst í sviðsljósið. Þá má heldur ekki gleyma sjálfboðaliðum sem af ánægju og gleði leggja sitt að mörkum til að efla allt íþróttastarf.

Miklu máli skiptir að búa afreksíþróttafólki sem bestan vettvang til að stunda íþrótt sína. Því er sérstök ástæða til að fagna frumkvæði mennta- og barnamálaráðuneytisins, við stofnun íþrótta- og afreksmiðstöð íslands eða Team Iceland undir stjórn Vésteins Hafsteinssonar. Ég bind vonir við að með þessu framtaki sé verið að leggja grunn að þvi að íslenskt íþróttafólk nái enn betri árangri á komandi árum. Það er mikilvægt fyrir ungt íþróttafólk að eiga sér fyrirmyndir sem hvetja börn og ungmenni til að leggja harðar að sér.

Þessu tengt er samkomulag mennta- og barnaráðuneytisins við UMFÍ og ÍSÍ til tveggja ára um rekstur 8 svæðisskrifstofa sem fyrirhugað er að muni þjónusta öll 25 íþróttahéruð landsins. Með samningnum eru 400 milljónir tryggðar til rekstur 8 svæðisskrifstofa, ráðningu 16 starfsmanna auk tillag í svokallaðan hvatasjóð sem íþróttahéruðin geta sótt í til fjármögnunar verkefna sem snúa að aukinni þátttöku barna og ungmenna í íþróttum, með áherslu á börn með fötlun og börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Samningsaðilar eru sammála um að öflugt íþróttastarf sé lykilþáttur í að stuðla að farsæld barna. Áherslur séu að mörgu leyti þær sömu og í nýjum lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Íþróttir eiga að leiða til farsældar og er markmiðið að bæta og samþætta þjónustuna á landsvísu með jöfn tækifæri og samnýtingu svæða að leiðarljósi.

Vissulega er hér um að ræða mikið framfaraspor fyrir íþróttastarf í landinu, sérstaklega á landsbyggðinni. Það verður þó að segjast eins og er að við forsvarsmenn íþróttahéraðanna á höfuðborgarsvæðinu höfum ákveðnar áhyggjur af því hvernig málum verður háttað hér á okkar svæði. Á okkar svæði halda íþróttahéruðin úti öflugum skrifstofum þar sem til staðar er mikil sérþekking og ekki endilega sjálfgefið að besta lausnin sé sú að opna nýja skrifstofu og ráða nýja starfsmenn.

Rekstur UMSK gekk vel á síðasta ári. Njótum við þar góðs af farsælum rekstri Íslenskrar Getspár sem á síðasta ári greiddi eignaraðilum sínum 300 milljónir til viðbótar við hagnað af rekstri. Þeir fjármunir koma að góðum notum til eflingar grasrótarstarfsins. Velgengni Íslenskrar Getspár og ábyrgur rekstur skilaði svo UMSK hagnaði upp á rúmar 15 milljónir króna á síðasta ári. Í því ljósi ákvað stjórn UMSK að úthluta 15 milljón króna viðbótargreiðslu til aðildarfélaga sinna sem ætlað er að gera þeim kleift að efla enn frekar starfið á félagssvæðinu.

Það er mikilvægt að aðildarfélögin standi vörð um hagsmuni Íslenskrar Getspár og Getrauna nú þegar hart er sótt að félaginu af erlendum samkeppnisaðilum sem halda úti veðmálasíðum sem ekkert skilja eftir sig til eflingar íþróttastarfi eða samfélagi okkar til hagsbóta. Ég satt að segja undrast linkind stjórnvalda á að taka á starfsemi sem er í trássi við íslensk lög og reglur.

Á þessu 100. héraðsþingi UMSK kynnum við formlega útgáfu bókarinnar Aldarsaga UMSK sem unnið hefur verið að hörðum höndum nú í nokkur ár. Aldarsagan er viðamikið rit sem rekur sögu sambandsins frá stofnum og að ákveðnu leiti saga samfélagsins á félagssvæðinu. Bókin er skemmtileg aflestrar og gríðarlega fróðleg. Höfundar bókarinnar og ritnefnd hafa lyft samkölluðu grettistaki og færi ég þeim bestu þakkir fyrir.

Ég vil að lokum þakka aðildarfélögunum, stjórn UMSK og rekstrarstjóra sambandsins gott samstarf á árinu og óska þeim öllum góðs gengis á nýju starfsári.

# Stjórn UMSK



**Formaður:**
Guðmundur Sigurbergsson.
Lindasmári 57, 201 Kópavogur



**Varaformaður:**
Lárus B. Lárusson.
Sævargörðum 11, 170 Seltjarnarnesi



**Gjaldkeri:**
Þorsteinn Þorbergsson.
Ásbúð 3, 210 Garðabæ



**Ritari:**
Halla Garðarsdóttir
Kópavogsbarð 5, 203 Kópavogur



**Meðstjórnandi**
Geirarður Long
Reykjabyggð 28, 270 Mosfellsbæ



**Varastjórn:**
Margrét Dögg Halldórsdóttir
Klapparhlíð 34,  270 Mosfellsbær



**Varastjórn:**
Rakel Másdóttir
Digranesvegur 24, 200 Kópavogur



**Varastjórn**
Sigurjón Sigurðsson
Logasölum 4, 201 Kópavogur



**Rekstrarstjóri:**
Victor Ingi Olsen
umsk@umsk.is • sími 5144090 / 6189300

## Dagskrá 100. ársþings UMSK

1. Þingsetning.
2. Kosning þingforseta.
3. Kosning þingritara.
4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
5. Skýrsla stjórnar lögð fram.
6. Ársreikningur áritaður af stjórn og skoðunarmönnum lagður fram.
7. Ávörp gesta.
8. Álit kjörbréfanefndar.
9. Staðfesting á aðild nýrra félaga.
10. Umræður um skýrslu stjórnar.
11. Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga.
12. Skipað í nefndir til starfa á þinginu, ef þörf þykir, þar á meðal uppstillingarnefnd sem starfar á milli þinga.
13. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram.
14. Laga- og reglugerðarbreytingar lagðar fram.
15. Aðrar tillögur lagðar fram.
16. Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem nefndir ákveða að taka fyrir.
17. Afgreiðsla á áliti nefnda.
18. Önnur mál.
19. Kosningar, kjörnefnd skilar áliti.
20. Kosning formanns.
21. Kosning tveggja stjórnarmanna.
22. Kosning þriggja manna í varastjórn.
23. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara.
24. Kosning til Íþróttaþings skv. lögum ÍSÍ á því ári sem Íþróttaþing er haldið.
25. Þingslit.

# Fjöldi þingfulltrúa á 100. héraðsþingi UMSK 2024

| Félag | Fjöldi fulltrúa |
|---|---|
| Augnablik | 3 |
| Bogfimifélagið Boginn | 3 |
| Dansfélagið Hvönn | 4 |
| Dansíþróttafélag Kópavogs | 4 |
| Dansíþróttafélagið Rúbin | 1 |
| Einherjar | 1 |
| Garðabær Jökla krikketklúbbur | 1 |
| Golfklúbbur Álftaness | 4 |
| Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar | 9 |
| Golfklúbbur Mosfellsbæjar | 9 |
| Golfklúbburinn Nesklúbburinn | 8 |
| Golfklúbburinn Oddur | 9 |
| Handknattleiksfélag Kópavogs | 7 |
| Hestaíþróttafélagið Hörður | 6 |
| Hestamannafélagið Adam | 1 |
| Hestamannafélagið Sóti | 1 |
| Hestamannafélagið Sprettur | 9 |
| Hnefaleikafélag Bogatýr | 1 |
| Hnefaleikafélag Kópavogs | 2 |
| Hnefaleikafélagið Haförn | 1 |
| Hvíti riddarinn | 1 |
| Íþróttafélag aldraðra Kópavogi | 1 |
| Íþróttafélagið Gerpla | 9 |
| Íþróttafélagið Glóð | 1 |
| Íþróttafélagið Grótta | 2 |
| Íþróttafélagið Þorlákur | 1 |
| Júdófélag Garðabæjar | 1 |
| Karatefélag Garðabæjar | 1 |
| Knattspyrnufélag Bjarnastaða | 1 |
| Knattspyrnufélag Garðabæjar | 1 |

| Félag | Fjöldi fulltrúa |
|---|---|
| Knattspyrnufélag Kópavogs | 1 |
| Knattspyrnufélagið Álafoss | 1 |
| Knattspyrnufélagið Ísbjörninn | 1 |
| Knattspyrnufélagið Kría | 1 |
| Knattspyrnufélagið Miðbær | 1 |
| Knattspyrnufélagið Skandinavia | 1 |
| Knattspyrnufélagið Smári | 1 |
| Kraftlyftingafélag Mosfellsbæjar | 1 |
| Kraftlyft.fél. Seltjarnarness - Zetorar | 1 |
| Krikketklúbbur Kópavogs | 1 |
| Krummar BMX Racing. | 1 |
| Lyftingafélag Kópavogs | 2 |
| Pílufélag Kópavogs | 1 |
| Rugbyfélagið Stormur | 1 |
| Siglingafélagið Vogur | 1 |
| Siglingafélagið Ýmir | 2 |
| Skotíþróttafélag Kópavogs | 5 |
| Skylmingafélag Seltjarnarness | 1 |
| Stálúlfur | 2 |
| Taekwondofélag Kópavogs | 1 |
| Tennisfélag Garðabæjar | 2 |
| Tennisfélag Kópavogs | 8 |
| Umf. Afturelding | 7 |
| Umf. Álftaness | 1 |
| Umf. Breiðablik | 9 |
| Umf. Stjarnan | 9 |
| Vélhjólaíþróttaklúbbur Mosfellsbæjar | 3 |
| Pílufélag Garðabæjar | 0 |
| Borðtennisfélag Mosfellsbæjar | 0 |
| | **169** |



# Aðildarfélög UMSK

**Augnablik**
Félagið stofnað: 1981
Formaður: Sigmar Ingi Sigurðarson
Iðkanir: 79
Félagsmenn: 309

**Bogfimifélagið Boginn**
Félagið stofnað: 10. júlí 2012
Formaður: Oliver Ormar Ingvarson
Iðkanir 736
Félagsmenn: 736

**Dansfélagið Hvönn**
Félagið stofnað: 21. október 1995
Formaður: Hildur Ýr Arnarsdóttir
Iðkanir: 785
Félagsmenn: 780

**Dansíþróttafélag Kópavogs**
Stofnað: 01. 12. 2001
Formaður: Ellen Dröfn Björnsdóttir
Iðkanir: 522
Félagsmenn: 642

**Dansíþróttafélagið Rúbín**
Félagið stofnað: 2020
Formaður: Nikita Bazev
Iðkanir: 0
Félagsmenn: 1

**Einherjar**
Félagið stofnað: 2009
Iðkanir: 0
Félagsmenn: 1

**Garðabær Jökla Krikketklúbbur**
Félagið stofnað: 2021
Formaður: Jegadeesh Subramaniyam
Iðkanir: 0
Félagsmenn: 1

**Golfklúbbur Álftaness**
Félagið stofnað: 14. maí 2002
Formaður: Björn Halldórsson
Iðkanir: 389
Félagsmenn:389

**Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar**
Félagið stofnað: 24. mars 1994
Formaður: Jón Júlíusson
Iðkanir: 2788
Félagsmenn: 2788

**Golfklúbbur Mosfellsbæjar**
Félagið stofnað: Desember 2014
Formaður: Kári Tryggvason
Iðkanir: 2411
Félagsmenn: 2411

**Golfklúbbur Ness**
Félagið stofnað: 1964
Formaður: Þorsteinn Guðjónsson
Iðkanir: 1124
Félagsmenn: 1124

**Golfklúbburinn Oddur, Garðabæ**
Félagið stofnað: 14. júlí 1993
Formaður: Kári Haraldur Sölmundarson
Iðkanir: 1840
Félagsmenn: 1840

**Handknattleiksfélag Kópavogs**
Félagið stofnað: 26. janúar 1970
Formaður: Árnína Steinunn Kristjánsdóttir
Iðkanir: 2875
Félagsmenn: 2614

**Hestaíþróttafélagið Hörður,** Mosfellsbæ
Félagið stofnað: 22. febrúar 1950
Formaður: Margrét Dögg Halldórsdóttir
Iðkanir: 652
Félagsmenn: 691

**Hestamannafélagið Adam Kjós**
Félagið stofnað 8. febrúar 2007
Formaður: Sigurður Guðmundsson
Iðkanir: 116
Félagsmenn: 58

**Hestamannafélagið Sóti**
Félagið stofnað: 30. maí 1994
Formaður: Jörundur Jökulsson
Iðkanir: 137
Félagsmenn: 162

**Hestamannafélagið Sprettur**
Félagið stofnað: 29. júní 2012
Formaður: Sverrir Einarsson
Iðkanir: 1720
Félagsmenn: 1729

**Hnefaleikafélagið Bógatýr**
Félagið stofnað: 2022
Formaður: Þórður Bjarkar Árelíusson
Iðkanir: 0
Félagsmenn: 1

**Hnefaleikafélag Kópavogs**
Félagið stofnað: 21. febrúar 2013
Formaður: Rúnar Svavarsson
Iðkanir: 331
Félagsmenn: 321

**Hnefaleikafélagið Haförn**
Félagið stofnað: 2021
Formaður: Maksims Orlovs
Iðkanir: 0
Félagsmenn: 1

**Hvíti Riddarinn**
Félagið stofnað: 27. janúar 2004
Formaður: Guðbjörn Smári Birgisson
Iðkanir: 36
Félagsmenn: 146

**Íþróttafélag aldraðra í Kópavogi**
Félagið stofnað: 27. október 1994
Formaður: Margrét Pálína Loftsdóttir
Iðkanir: 79
Félagsmenn: 99

**Íþróttafélagið Gerpla**
Félagið stofnað: 25. apríl 1971
Formaður: Ragnheiður Margrét Ólafsdóttir
Iðkanir: 2820
Félagsmenn: 6835

**Íþróttafélaið Glóð, Kópavogi**
Félagið stofnað: 24. október 2005
Formaður: Margrét Björnsdóttir
Iðkanir: 76
Félagsmenn: 76

**Íþróttafélagið Grótta**
Félagið stofnað: 24. apríl 1967
Formaður: Þröstur Þór Guðmundsson
Iðkanir: 2224
Félagsmenn: 1750

**Íþróttafélagið Þorlákur**
Félagið stofnað: 2022
Formaður: Sigurður Tómas Hjartarson
Iðkanir: 0
Félagsmenn: 1

**Júdófélag Garðabæjar**
Félagið stofnað: 27. maí 2010
Formaður: Gísli Fannar Egilson
Iðkanir: 39
Félagsmenn: 39

**Karatefélag Garðabæjar**
Félagið stofnað: 2021
Formaður: Rúnar Örn Birgisson
Iðkanir: 21
Félagsmenn: 21

**Knattspyrnufélag Bjarnastaða**
Félagið stofnað: 2020
Formaður: Stefán Arinbjarnarson
Iðkanir: 38
Félagsmenn: 1

**Knattspyrnufélag Garðabæjar**
Félagið stofnað:12. mars 2008
Formaður: Sindri Rósenkranz Sævarsson
Iðkanir: 72
Félagsmenn: 72

**Knattspyrnufélag Kópavogs**
Félagið stofnað: 22. september 2012
Formaður: Kristinn Pálsson
Iðkanir: 41
Félagsmenn: 41

**Knattspyrnufélagið Álafoss**
Félagið stofnað: 2017
Formaður: Ísak Orri Leifsson Schjetne
Iðkanir: 43
Félagsmenn: 43

# Aðildarfélög UMSK

**Knattspyrnufélagið Ísbjörninn**
Félagið stofnað: 17. mars 2008
Formaður: Hafþór Karlsson
Iðkanir: 40
Félagsmenn: 40

**Knattspyrnufélagið Krían**
Félagið stofnað: 15. janúar 2014
Formaður: Bjarni Rögnvaldsson
Iðkanir: 56
Félagsmenn: 56

**Knattspyrnufélag Miðbæjar**
Félagið stofnað: 2020
Formaður: Joaquin Linares Cordoba
Iðkanir: 68
Félagsmenn: 68

**Knattspyrnufélagið Skandinavía**
Félagið stofnað: 2020
Formaður: Saint Paul Edeh
Iðkanir: 0
Félagsmenn: 1

**Knattspyrnufélagið Smári**
Félagið stofnað: 2020
Formaður:  Aron Ingi Woodard
Iðkanir: 21
Félagsmenn: 1

**Kraftlyftingafélag Mosfellsbæjar**
Félagið stofnað: 13. desember 2009
Formaður: Hjalti Árnason
Iðkanir: 198
Félagsmenn: 99

**Kraftlyftingafélag Seltjarnarness**
Félagið stofnað: 2011
Formaður: Grétar Dór Sigurðsson
Iðkanir: 0
Félagsmenn: 1

**Krikketklúbbur Kópavogs**
Félagið stofnað: 2021
Formaður: Abhishek Chauhan
Iðkanir: 0
Félagsmenn: 1

**Krikketfélag Kópavogs**
Félagið stofnað: 2015
Formaður: Jakob Robertson
Fjöldi félaga: 1
Fjöldi iðkenda: 0

**Krummar BMX Racing**
Félagið stofnað: 2022
Formaður:  Helgi Berg Friðþjófsson
Iðkanir: 0
Félagsmenn: 1

**Lyftingafélag Kópavogs**
Félagið stofnað: 2013
Formaður: Jens Andri Fylkisson
Iðkanir: 188
Félagsmenn:188

**Lyftingafélag Garðabæjar**
Félagið stofnað: 2013
Formaður: Árni Björn Kristjánsson
Iðkanir: 0
Félagsmenn: 0

**Pílukastfélag Kópavogs**
Félagið stofnað: 2021
Formaður: Ásgrímur Harðarson , formaður
Iðkanir: 0
Félagsmenn: 1

**Rugbyfélagið Stormur**
Félagið stofnað: 29. september 2010
Formaður: Birnir Orri Pétursson
Iðkanir: 10
Félagsmenn: 31

**Siglingafélagið Vogur**
Stofnað 1975
Formaður: Erlendur Kári Kristjánsson
Iðkanir: 0
Félagsmenn: 1

**Siglingafélagið Ýmir**
Félagið stofnað: 4. mars 1971
Formaður: Þorsteinn Aðalsteinsson
Iðkanir: 196
Félagsmenn: 196

**Skotíþróttafélag Kópavogs**
Félagið stofnað: 28. apríl 1989
Formaður: Friðrik Þór Goethe
Iðkanir: 521
Félagsmenn: 521

**Skylmingafélag Seltjarnarness**
Félagið stofnað: apríl 2003
Formaður: Guðrún Jóhannsdóttir
Iðkanir: 48
Félagsmenn: 52

**Íþróttafélagið Stálúlfur**
Félagið stofnað 1. janúar 2010
Formaður: Algirdas Slapikas
Iðkanir: 162
Félagsmenn: 160

**Taekwondofélag Kópavogs**
Félagið stofnað: 2020
Formaður: Sigursteinn Snorrason
Iðkanir: 116
Félagsmenn: 116

**Tennisfélag Garðabæjar**
Félagið stofnað: 4. desember 2008
Formaður: Eyþór Rafn Þórhallsson
Iðkanir: 270
Félagsmenn: 270

**Tennisfélag Kópavogs**
Félagið stofnað: 4. júní 1991
Formaður: Rut Steinsen
Iðkanir: 1085
Félagsmenn: 1085

**Umf. Afturelding**
Félagið stofnað: 11. apríl 1909
Formaður: Birna Kristín Jónsdóttir
Iðkanir: 3129
Félagsmenn: 2524

**Umf. Álftanes**
Félagið stofnað: 6. janúar 1946
Formaður: Guðjón Þór Þorsteinsson
Iðkanir: 515
Félagsmenn: 412

**Umf. Breiðablik**
Félagið stofnað: 12. febrúar 1950
Formaður: Jóhann Ásgeir Baldurs
Iðkanir: 4872
Félagsmenn: 4192

**Umf. Stjarnan**
Félagið stofnað: 30. október 1960
Formaður: Sigurður Guðmundsson
Iðkanir: 5139
Félagsmenn: 11693

**Vélhjólaklúbbur Mosfellsbæjar (Motomos)**
Formaður: Sveinbjörn B Nikulásson
Iðkanir: 284
Félagsmenn: 284

## Félög sem óska eftir inngöngu

**Borðtennisfélag Mosfellsbæjar**
Félagið stofnað: 6. september 2023
Formaður: Júlíus Finnbogason
Iðkanir:
Félagsmenn:

**Pílufélag Garðabæjar**
Félagið stofnað: 22. ágúst 2022
Formaður: Guðni Þorsteinn Guðjónsson
Iðkanir:
Félagsmenn

*Ath. fjöldi iðkenda og félagsmanna aðildarfélaga byggir á starfsskýrsluskilum frá 2023 vegna ársins 2022*

## Stjórn UMSK

Stjórn UMSK fundaði formlega 13 sinnum á árinu ásamt því að þorri stjórnarmanna sótti 76. Íþróttaþing ÍSÍ og 53. sambandsþing UMFÍ.

Áhersla var lögð á að bæta faglega umgjörð og stuðla að góðum stjórnarháttum í starfsemi UMSK með því að efla verkferla, skýra reglugerðir og setja vinnureglur. Þar ber helst að nefna nýjar starfsreglur stjórnar sem samþykktar voru í maí.

Breytt birtingarmynd á rekstrarkostnaði og sundurliðunum í ársreikningi UMSK fyrir árið 2023 ber merki um ofangreint en með breytingunum er vonast til þess að reikningurinn gefi enn skýrari og betri mynd af rekstri sambandsins.

## Nýr rekstrarstjóri

Victor Ingi Olsen var ráðinn rekstrarstjóri sambandsins og tók hann til starfa í mars en hann tók við af Valdimari Gunnarssyni sem sinnt hafði starfinu árum saman og er honum þökkuð fyrir vel unnin störf.

Victor er með BA gráðu í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík og MSc – gráðu í stjórnun og stefnumótun frá Háskóla Íslands. Hann hefur víðtæka reynslu úr íþróttahreyfingunni en hann vann árum saman hjá Ungmennafélaginu Stjörnunni í Garðabæ ásamt því að hafa setið í Íþrótta- og tómstundaráði Garðabæjar, stjórn Íslensks toppfótbolta (ÍTF) og sinnt verkefnum á vegum Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ).

## Formannafundur

Formannafundur umsk var haldinn þann 9. nóvember. Fundurinn var vel sóttur en hann fór fram í fundarsal ÍSÍ, íþróttamiðstöðinni Laugardal.

Pétur Hrafn Sigurðsson frá Íslenskri Getspá kynnti starfsemi fyrirtækisins, áskoranir og tækifæri í umhverfinu og þá miklu hagsmuni sem aðildarfélög UMSK hafa af góðu gengi fyrirtækisins. Meira en milljarður íslenskra króna hefur runnið til aðildarfélaga UMSK á undanförnum 10 árum.

Jóhann Steinar Ingimundarson formaður UFMÍ og Auður Inga Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri UMFÍ kynntu þær breytingar sem samþykktar voru á 53. sambandsþingi UMFÍ er snúa að umfangsmiklum breytingum á reglum um úthlutun lottófjármuna meðal sambandsaðila UMFÍ (og ÍSÍ) en breytingarnar munu hafa fremur neikvæð áhrif á tekjur UMSK.

Valdimar Smári Gunnarsson fyrrverandi framkvæmdastjóri UMSK kynnti verkefni sem hann vinnur hjá íþróttasamband fatlaðra og nefnist “Allir með”. Hann skorar á aðildarfélög UMSK til þess að láta sig málefni fatlaðra varða og leggja sitt að mörkum til þess að auka þátttöku fatlaðra einstaklinga í íþróttastarfi.

## Afreksstyrkir

Stjórn Afrekssjóðs UMSK auglýsti eftir umsóknum um nýja tegund styrkja á árinu, svokallaða afreksstyrki til aðgreiningar frá hefðbundnum ferðastyrkjum sem sjóðurinn hefur veitt árum saman.

Markmið afreksstyrkja er að styrkja fjárhagslega afreksíþróttafólk og afrekshópa innan aðildarfélaga UMSK sem náð hafa afburðarárangri og gera þeim kleift að búa sig enn betur undir áframhaldandi keppni ásamt því að hvetja til frekari afreka.

Fjöldi glæsilegra umsókna bárust sjóðnum ásamt því að hátt hlutfall þeirra uppfyllti þau lágmarksskilyrði sem sett höfðu verið. Það er því ljóst að glæsilegt starf á sér stað í fjölmörgum aðildarfélögum UMSK og innan þeirra raða er stór hópur afreksfólks sem keppir um eða stefna að efsta stigs árangri í sinni íþrótt.

Eftir umtalsverða yfirlegu var það einróma mat fundarmanna að samþykkja umsóknir vegna sex einstaklinga og skildi hámarksupphæð afreksstyrkja á árinu, 1.800.000 kr. vera skipt jafnt milli þeirra.

**Eftirtaldir afreksmenn hlutu Afreksstyrk frá sjóðnum árið 2023**

Ingvar Ómarsson - Hjólreiðar, Breiðablik (300.000 kr.)
Sóley Margrét Jónsdóttir - Kraftlyftingar, Breiðablik (300.000 kr.)
Thelma Aðalsteinsdóttir - Fimleikar, Gerpla (300.000 kr.)
Valgarð Reinhardsson - Fimleikar, Gerpla (300.000 kr.)
Vignir Vatnar Stefánsson - Skák, Breiðablik (300.000 kr.)
Þórður Jökull Henrysson – Karate, Afturelding (300.000 kr.)

## Aukagreiðsla til aðildarfélaga

Rúmlega 15 milljón kr. afgangur var af rekstri UMSK á árinu en segja má að góð afkoma skýrist fyrst og fremst af eftirfarandi;
1) Lottótekjur ársins voru umtalsvert hærri en gert hafði verið ráð fyrir en auk góðs gengis Íslenskrar Getspár greiddi fyrirtækið út aukaarðgreiðslu líkt og á árinu 2022.
2) Launakostnaður var lægri en gert var ráð fyrir þar sem nýr starfsmaður tók ekki til starfa fyrr en 1. mars
3) Breyttar áherslur í rekstri UMSK hafa dregið úr kostnaði við viss verkefni sem eru að mestu orðin sjálfbær og þarfnast ekki aðkomu sambandsins lengur.

Stjórn UMSK ákvað því að úthluta aukagreiðslu til aðildarfélaga að fjárhæð 15.000.000 kr. Fjárhæðinni var skipt milli félaga sbr. Lottó-reglugerð sambandsins og úthlutað á félögin undir lok árs en hún kemur til greiðslu í mars 2024.

## Breytingar á Lottóúthlutunarreglum ÍSÍ og UMFÍ

Á þingum ÍSÍ og UMFÍ á árinu voru samþykktar umtalsverðar breytingar á úthlutunarreglum Lottófjármuna er snúa að hlutdeild héraðssambanda og eru reglurnar nú samhljóðandi milli ÍSÍ UMFÍ hvað þetta varðar.

Hlutdeild héraðssambanda skiptist nú á þann veg að 15% rennur til reksturs svæðisskrifstofa íþróttahéraða en 85% eftir íbúafjölda 18 ára og yngri 31. desember næstliðins árs. Samhliða þessu féllu út ýmis ákvæði er sneru að skerðingum sambandsaðila eða tilteknum jöfnum hlut þeirra á milli og hafa skiptireglurnar því verið einfaldaðar til muna.

Þá hafa ÍBR og ÍBH öðlast aðild að UMFÍ en um fremur fjölmenn íþróttabandalög er um að ræða sem nú fá einnig hlutdeild í Lottótekjum UMFÍ.

Áhrifin á tekjur UMSK eru umtalsverð. Mestu munar um að sambandið fær ekki lengur greiddan útbreiðslustyrk frá ÍSÍ sem nam rúmri 15,6 milljónum á árinu 2023 en þeir fjármunir komu ekki til skiptingar skv. Lottóreglugerð UMSK heldur greiddu þeir drjúgan hlut af hefðbundnum rekstrarkostnaði sambandsins.

Þá má einnig gera ráð fyrir minniháttar lækkun á reglubundnum lottótekjum UMSK sem koma til skiptingar skv. lottóreglugerð sambandsins.

Að þessu sinni er ekki gerð tillaga um breytingar á Lottóreglugerð sambandsins til þessa að mæta áhrifum á rekstur UMSK heldur stefnt að því að standa vörð um hlutdeild aðildarfélaganna með breyttum áherslum í rekstri. Takist það ættu áhrif á lottótekjur aðildarfélaga UMSK að vera hverfandi.

# 99. héraðsþing UMSK 2023

99. ársþing UMSK var haldið þriðjudaginn 28. mars 2023 í veislusal Golfklúbbsins Odds á Urriðavelli og var það vel sótt.

Tvær breytingar voru gerðar á stjórn sambandsins á þinginu. Geirarður Long kom inn í stjórnina í stað Péturs Arnars Magnússonar, sem ekki gaf kost á sér að þessu sinni ásamt því að Sigurjón Sigurðsson var kjörinn í varastjórn í stað Geirarðs. Þá var Guðmundur G. Sigurbergsson endurkjörin formaður UMSK til tveggja ára.

Á þinginu voru veittar fjölmargar viðurkenningar, bæði fyrir íþróttalegan árangur á árinu sem leið, en einnig var nokkur fjöldi heiðraður fyrir störf sín innan hreyfingarinnar á undanförnum árum.

Hafsteinn Pálsson, 2. varaforseti ÍSÍ, Olga Bjarnadóttir og Garðar Svansson, meðstjórnendur í framkvæmdastjórn, mættu fyrir hönd ÍSÍ og ávarpaði Hafsteinn þingið. Þar afhentu þau Einari Kristjáni Jónssyni, Breiðabliki, Lárusi B. Lárussyni, Gróttu, og Þorsteini Þorbergssyni, Stjörnunni, Gullmerki ÍSÍ fyrir störf sín í þágu íþróttanna. Silfurmerki ÍSÍ fengu Ása Dagný Gunnarsdóttir, Aftureldingu, Einar Tómasson, HK, Hólmfríður Kristjánsdóttir, HK, Jóhann Þ. Jónsson, Breiðabliki, og Kristján Guðlaugsson, Gróttu.

Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, ávarpaði einnig þingið en í ræðu sinni sæmdi hann Guðmundi G. Sigurbergssyni Gullmerki UMFÍ. Jóhann afhenti einnig fjórum sjálfboðaliðum sambandsins starfsmerki UMFÍ. Þau fengu Bjarni Torfi Álfþórsson frá Gróttu, Geirarður Long frá Aftureldingu, Halla Garðarsdóttir frá Breiðabliki og Sesselja Hannele Jarvela frá Gróttu á Seltjarnarnesi.




Félagsmálaskjöldur UMSK 2023 – Pétur Ómar Ágústsson



Íþróttakarl UMSK 2022 – Höskuldur Gunnlaugsson




Íþróttakona UMSK 2022 – Sóley Margrét Jónsdóttir



Lið ársins 2022 – Mfl. karla í knattspyrnu, Breiðablik

## Eftirtalin félög hlutu Hvatningaverðlaun UMSK 2023

**Gerpla** – Fimleikar fyrir börn með fötlun
**Golfklúbbur Mosfellsbæjar** – Skipulagt starf fyrir 65 ár og eldri.
**Dansfélagið Hvönn** – Special Olympics hópur/Stjörnuhópur
**Knattspyrnufélagið Miðbær** – Metnaðarfullt starf í þágu nýbúa á Íslandi.

**Allar viðurkenningar UMSK er að finna á heimasíðu sambandsins www.umsk.is Þær má ennig nálgast með því að skanna QR kóðana.**

**Viðurkenningar**

**Myndabanki UMSK**

# Aldarsaga UMSK












## Nokkur orð frá ritstjóra

Árið 2011 tók stjórn UMSK þá ákvörðun að skrásetja sögu héraðssambandsins. Jón M. Ívarsson sagnfræðingur ritaði um fyrstu 40 árin en undirritaður kom að verkinu árið 2018 og fjallaði um árabilið 1963-2022. Auk þess setti ég saman Aldarspegil UMSK fremst í bókinni, sem er nokkurskonar annáll sambandsins í 100 ár, og ritstýrði verkinu allt til útgáfudags. Í ritnefnd bókarinnar sátu Valdimar Leó Friðriksson (formaður), Alda Helgadóttir, Birgir Ari Hilmarsson og Magnús Jakobsson; Eyjólfur Jónsson annaðist umbrot bókarinnar, Magnús B. Óskarsson hannaði bókarkápuna og verkið var prentað hjá Svansprenti í Kópavogi.

Aldarsaga UMSK spannar stórkostlegt framfaraskeið í íslensku samfélagi. Mikil þéttbýlismyndun á sambandssvæðinu leiddi til þess að íþrótta- og félagslíf tók algjörum stakkaskiptum, íþróttafélög líkt og Afturelding, Breiðablik og Stjarnan breyttust í fjölgreinafélög, nútímaleg íþróttamannvirki risu og margar nýjar íþróttagreinar numu land. Á síðustu áratugum hefur fjöldi aðildarfélaga UMSK tífaldast og á aldarafmælinu voru þau um 50 talsins.

Þetta mikla framfaraskeið varð til þess að í bókinni fer mörgum sögum fram. Hér er sögð saga héraðssambandsins UMSK en einnig saga einstakra aðildarfélaga og íþróttagreina, að ógleymdum landsmótum UMFÍ sem settu sterkan svip á íþróttalíf landsins um áratugaskeið. Notast var við fjölbreyttar heimildir, meðal annars ársskýrslur, dagblöð, tímarit, sagnfræðirit og viðtöl við fólk sem mundi tímana tvenna í starfsemi UMSK. Uppskeran er 736 síðna bók með fjölmörgum ljósmyndum, viðtölum og skrám, þar á meðal er nafnaskrá sem auðveldar lesendum alla notkun verksins.

Ég vil nota tækifærið og þakka öllum sem komu að þessari bókargerð með einum eða öðrum hætti; það er von mín að sótt verði í þennan sögubrunn um ókomna tíð.

**Bjarki Bjarnason.**

Aðildarfélög sem þess óska geta nálgast eintak af bókinni á skrifstofu UMSK.
Athygli er vakin á því að Aldarsaga UMSK verður öllum aðgengileg á heimasíðu UMSK.

Hægt er að nálgast stafræna útgáfu af Aldarsögu UMSK með því að skanna QR kóðann.


BIKARMEISTARAR
2023
POWERADE
BIKARINN

# Fjöldatölur á starfssvæði UMSK

## Aðildarfélögum raðað eftir fjölda iðkana

| | Iðkanir | Iðkendur | Félagsmenn |
|---|---|---|---|
| Umf. Stjarnan | 5.139 | 3.455 | 11.693 |
| Umf. Breiðablik | 4.872 | 4.192 | 4.192 |
| Umf. Afturelding | 3.129 | 2.443 | 2.524 |
| Handknattleiksfélag Kópavogs | 2.875 | 2.614 | 2.614 |
| Íþróttafélagið Gerpla | 2.820 | 2.787 | 6.835 |
| Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar | 2.788 | 2.788 | 2.788 |
| Golfklúbbur Mosfellsbæjar | 2.411 | 2.411 | 2.411 |
| Íþróttafélagið Grótta | 2.224 | 1.750 | 1.750 |
| Golfklúbburinn Oddur | 1.840 | 1.840 | 1.840 |
| Hestamannafélagið Sprettur | 1.720 | 1.720 | 1.729 |
| Golfklúbburinn Nesklúbburinn | 1.124 | 1.124 | 1.124 |
| Tennisfélag Kópavogs | 1.085 | 1.085 | 1.085 |
| Dansfélagið Hvönn | 785 | 780 | 780 |
| Bogfimifélagið Boginn | 736 | 736 | 736 |
| Hestaíþróttafélagið Hörður | 652 | 652 | 691 |
| Dansíþróttafélag Kópavogs | 522 | 522 | 642 |
| Skotíþróttafélag Kópavogs | 521 | 521 | 521 |
| Umf. Álftaness | 515 | 412 | 412 |
| Golfklúbbur Álftaness | 389 | 389 | 389 |
| Hnefaleikafélag Kópavogs | 331 | 321 | 321 |
| Vélhjólaíþróttakl. Mosfellsb. (Mótomos) | 284 | 284 | 284 |
| Tennisfélag Garðabæjar | 270 | 270 | 270 |
| Kraftlyftingafélag Mosfellsbæjar | 198 | 99 | 99 |
| Siglingafélagið Ýmir | 196 | 196 | 196 |
| Lyftingafélag Kópavogs | 188 | 188 | 188 |
| Stálúlfur | 162 | 160 | 160 |
| Hestamannafélagið Sóti | 137 | 137 | 162 |
| Hestamannafélagið Adam | 116 | 58 | 58 |
| Taekwondofélag Kópavogs | 116 | 116 | 116 |

| | Iðkanir | Iðkendur | Félagsmenn | |
|---|---|---|---|---|
| Augnablik | 79 | 79 | 309 | |
| Íþróttafélag aldraðra Kópavogi | 79 | 79 | 99 | |
| Íþróttafélagið Glóð | 76 | 76 | 76 | |
| Knattspyrnufélag Garðabæjar | 72 | 72 | 72 | |
| Knattspyrnufélagið Miðbær | 68 | 68 | 68 | |
| Knattspyrnufélagið Kría | 56 | 56 | 56 | |
| Skylmingafélag Seltjarnarness | 48 | 48 | 52 | |
| Knattspyrnufélagið Álafoss | 43 | 43 | 43 | |
| Knattspyrnufélag Kópavogs | 41 | 41 | 41 | |
| Knattspyrnufélagið Ísbjörninn | 40 | 40 | 40 | |
| Júdófélag Garðabæjar | 39 | 39 | 39 | |
| Knattspyrnufélag Bjarnastaða | 38 | 38 | 1 | |
| Hvíti riddarinn | 36 | 36 | 146 | |
| Karatefélag Garðabæjar | 21 | 21 | 21 | |
| Knattspyrnufélagið Smári | 21 | 21 | 1 | |
| Rugbyfélagið Stormur | 10 | 10 | 31 | |
| Dansíþróttafélagið Rúbín | 0 | 0 | 1 | * |
| Einherjar | 0 | 0 | 1 | * |
| Garðabær Jökla krikketklúbbur | 0 | 0 | 1 | * |
| Hnefaleikafélag Bogatýr | 0 | 0 | 1 | * |
| Hnefaleikafélagið Haförn | 0 | 0 | 1 | * |
| Íþróttafélagið Þorlákur | 0 | 0 | 1 | * |
| Knattspyrnufélagið Skandinavia | 0 | 0 | 1 | * |
| Kraftlyftingafélag Seltjarnarness - Zetorar | 0 | 0 | 1 | * |
| Krikketklúbbur Kópavogs | 0 | 0 | 1 | * |
| Krummar BMX Racing. | 0 | 0 | 1 | * |
| Pílufélag Kópavogs | 0 | 0 | 1 | * |
| Siglingafélagið Vogur | 0 | 0 | 1 | * |
| | **38.912** | **34.817** | **47.717** | |

## Fjöldi iðkenda eftir íþróttagreinum

| Íþróttagreinar | Fjöldi |
|---|---|
| Almenningsíþróttir | 1.623 |
| Badminton | 147 |
| Bandý | 150 |
| Blak | 641 |
| Bogfimi | 736 |
| Borðtennis | 59 |
| Dans | 1.605 |
| Fimleikar | 5.870 |
| Frjálsíþróttir | 375 |
| Glíma | 114 |
| Golf | 8.552 |
| Handknattleikur | 2.316 |
| Hestaíþróttir | 2.625 |
| Hjólreiðar | 333 |
| Hnefaleikar | 217 |
| Íþróttir fatlaðra | 75 |
| Júdó | 39 |
| Karate | 261 |
| Knattspyrna | 6.931 |
| Kraftlyftingar | 446 |
| Körfuknattleikur | 1.804 |
| Lyftingar | 521 |
| Mótorhj.og snj.sl.íþr. | 284 |
| Rugby | 10 |
| Siglingar | 196 |
| Skipulagt félagsstarf | 14 |
| Skíðaíþróttir | 48 |
| Skotíþróttir | 521 |
| Skylmingar | 48 |
| Sund | 590 |
| Taekwondo | 335 |
| Tennis | 1.355 |
| Þríþraut | 235 |

** Félagið hafði ekki aðgang að skilakerfi íþróttahreyfingarinnar vegna ársins 2022 og gat ekki skráð iðkendur*

# Fjöldatölur á starfssvæði UMSK

## 10 fjölmennustu félög landsins m.v. iðkanir

| | Félag | Iðkanir | Íþróttahérað |
|---|---|---|---|
| 1 | Umf. Stjarnan | 5.166 | **UMSK** |
| 2 | Umf.Breiðablik | 4.872 | **UMSK** |
| 3 | Ungmennafélagið Fjölnir | 3.950 | ÍBR |
| 4 | Golfklúbbur Reykjavíkur | 3.658 | ÍBR |
| 5 | Keflavík íþrótta- og ungmennafélag | 3.556 | ÍRB |
| 6 | Tennis og badmintonfélag Reykjavíkur | 3.386 | ÍBR |
| 7 | Glímufélagið Ármann | 3.280 | ÍBR |
| 8 | Umf. Afturelding | 3.129 | **UMSK** |
| 9 | Fimleikafélag Hafnarfjarðar | 3.040 | ÍBH |
| 10 | Handknattleiksfélag Kópavogs | 2.875 | **UMSK** |

## 10 fjölmennustu félög landsins m.v. iðkendur

| | Félag | Iðkendur | Íþróttahérað |
|---|---|---|---|
| 1 | Umf.Breiðablik | 4.192 | **UMSK** |
| 2 | Golfklúbbur Reykjavíkur | 3.658 | ÍBR |
| 3 | Umf. Stjarnan | 3.468 | **UMSK** |
| 4 | Tennis og badmintonfélag Reykjavíkur | 3.386 | ÍBR |
| 5 | Ungmennafélagið Fjölnir | 3.166 | ÍBR |
| 6 | Keflavík íþrótta- og ungmennafélag | 3.013 | ÍRB |
| 7 | Glímufélagið Ármann | 2.912 | ÍBR |
| 8 | Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar | 2.788 | **UMSK** |
| 9 | Íþróttafélagið Gerpla | 2.787 | **UMSK** |
| 10 | Handknattleiksfélag Kópavogs | 2.614 | **UMSK** |

*Iðkandi (iðkendur): Hver einstaklingur getur aðeins einu sinni verið talinn sem iðkandi innan hvers mengis (félags/héraðs/íþróttagreinar). Þó svo að viðkomandi einstaklingur geti verið skráður fyrir fleiri en einni iðkun þá telur hann þannig eingöngu sem einn iðkandi.*

*Iðkun (iðkanir): Iðkun segir til um fjölda iðkana í hverju félagi, íþróttagrein eða innan íþróttahéraðs. Hver einstaklingur getur verið iðkandi í mörgum greinum.*

*Ath. fjöldi iðkenda og félagsmanna aðildarfélaga byggir á starfsskýrsluskilum frá 2023 vegna ársins 2022.*

## Fjöldi íbúa á starfssvæði UMSK 2023

| | íbúar | % af UMSK | % af Íslandi |
|---|---|---|---|
| Kópavogur | 39.810 | 51,64% | 10,27% |
| Garðabær | 18.891 | 24,51% | 4,87% |
| Mosfellsbær | 13.430 | 17,42% | 3,46% |
| Seltjarnarnes | 4.674 | 6,06% | 1,21% |
| Kjósarhreppur | 285 | 0,37% | 0,07% |
| **Samtals** | **77.090** | **100%** | **19,88%** |



# Úthlutanir úr sjóðum UMSK

## Fræðslu- og verkefnasjóður

Hlutverk sjóðsins er að styrkja fræðsluverkefni og sérstök verkefni á vegum aðildarfélaga UMSK.

Stjórn sambandsins ákveður áherslur hvers árs ásamt því að setja nánari vinnureglur um afgreiðslu styrkja umfram þær sem koma fram í reglugerð sjóðsins.

Sjóðurinn er fjármagnaður af tekjum UMSK en stjórn sambandsins ákveður framlag til hans í fjárhagsáætlun hvers árs.

Á árinu 2023 greiddi sjóðurinn út styrki að fjárhæð 7.007.995 kr. Þar af voru 400.000 kr. vegna umsókna í þjálfarasjóð en sjóðirnir voru sameinaðir í bókhaldi UMSK á árinu.

Eigið fé Fræðslu- og verkefnasjóðs við lok árs var 2.642.005 kr.

## Þjálfarasjóður UMSK

Hlutverk sjóðsins er að styrkja þjálfara aðildarfélaga UMSK til að sækja námskeið sem og þekkingu erlendis sem ekki er i boði hérlendis. Við afgreiðslu umsókna er horft til markmiða sjóðsins sem er að efla fræðslu þjálfara hjá aðildarfélögum UMSK með því gera þeim kleift að sækja viðurkennd námskeið á sviði íþróttafræða, þjálfunar og jafnvel að heimsækja viðurkennda aðila eða félagslið erlendis.

Sjóðurinn er fjármagnaður af tekjum UMSK en stjórn sambandsins ákveður framlag til hans í fjárhagsáætlun hvers árs.

Á árinu 2023 greiddi sjóðurinn út 400.000 kr. vegna 8 samþykktra umsókna að fjárhæð 50.000 kr. hver.

## Afrekssjóður UMSK

Afrekssjóði er ætlað að styrkja afreksfólk aðildarfélaga UMSK til að fara í keppnisferðir innanlands sem og erlendis. Sjóðsstjórn samanstendur af fimm aðilum úr hreyfingunni en hlutverk hennar er meðal annars að ákvarða styrkupphæð hvers ár og hármarks fjölda styrkja til hvers einstaklings en á árinu 2023 var styrkupphæð svokallaðs „ferðastyrks“ frá afrekssjóði 30.000 kr. og voru styrkhæf mót innanlands styrkt um helming af þeirri upphæð.

Í desember kynnti stjórn afrekssjóðs nýja tegund styrkja hjá sjóðnum, svokallaða afreksstyrki en markmið þeirra er að styrkja fjárhagslega afreksíþróttafólk og afrekshópa innan aðildarfélaga UMSK sem náð hafa afburðarárangri og gera þeim kleift að búa sig enn betur undir áframhaldandi keppni ásamt því að hvetja til frekari afreka.

Sjóðurinn er fjármagnaður með 7% hlutdeild í Lottótekjum UMSK.

Á árinu 2023 greiddi sjóðurinn út styrki að fjárhæð 13.520.000 kr. en tekjur hans á sama tímabili voru 13.630.548 kr. Eigið fé sjóðsins við árslok nam 24.215.628 kr.

# Aðrir sjóðir sem félögin hafa tök á að sækja í

## Íþróttasjóður ríkisins

**Fyrir hverja?** Íþrótta- og ungmennafélög og fyrir þá sem starfa að útbreiðslu- og fræðsluverkefnum á sviði íþrótta. Einnig þá sem starfa að rannsóknum á sviði íþrótta.

**Til hvers?** Styrkirnir eru ætlaðir íþrótta- og ungmennafélögum á landinu til að bæta aðstöðu til íþróttaiðkana. Einnig eru styrkir til útbreiðslu- og fræðsluverkefna, Þá eru veittir styrkir til að stunda rannsóknir á ýmsum þáttum íþróttastarfsemi í landinu. Umsóknarfrestur: Byrjun október ár hvert

## Ferðasjóður íþróttafélaga

Ferðasjóður íþróttafélaga hefur fengið árlegt framlag á Fjárlögum Alþingis, allt frá árinu 2007, til úthlutunar til íþrótta- og ungmennafélagaí landinu vegna keppnisferða innanlands. Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands var falin umsjón á útreikningi og úthlutunum úr sjóðnum. Umsóknarfrestur um styrk vegna keppnisferða innanlands á fyrirfram ákveðin styrkhæf mót er í byrjun janúar ár hvert. Fræðslu og verkefnasjóður UMFÍ

Fræðslu og verkefnasjóður UMFÍ hefur þann tilgang að styrkja félags- og íþróttastarf ungmennafélagshreyfingarinnar m.a með því að auka menntun og þekkingu félaga innan hreyfingarinnar á íþróttagreinum, þjálfun, í félagsmálum og félagsstarfi. Rétt til styrkveitingar úr sjóðnum eiga allir félagar í ungmennafélögum sem eru virkir í starfi og hafa uppáskrift síns félags eða sambands til að afla sér aukinnar þekkingar á sínu sérsviði sem gæti nýst viðkomandi félagi, sambandi og ungmennafélagshreyfingunni í heild. Einnig eiga stjórn og nefndir UMFÍ, héraðssambönd, ungmennafélög og deildir innan þeirra rétt á að sækja um styrk úr sjóðunum.

Umsóknafrestir 1. mai og 1. nóvember.

## Fræðslu og verkefnasjóður UMFÍ

Fræðslu og verkefnasjóður UMFÍ hefur þann tilgang að styrkja félags- og íþróttastarf ungmennafélagshreyfingarinnar m.a með því að auka menntun og þekkingu félaga innan hreyfingarinnar á íþróttagreinum, þjálfun, í félagsmálum og félagsstarfi. Rétt til styrkveitingar úr sjóðnum eiga allir félagar í ungmennafélögum sem eru virkir í starfi og hafa uppáskrift síns félags eða sambands til að afla sér aukinnar þekkingar á sínu sérsviði sem gæti nýst viðkomandi félagi, sambandi og ungmennafélagshreyfingunni í heild. Einnig eiga stjórn og nefndir UMFÍ, héraðssambönd, ungmennafélög og deildir innan þeirra rétt á að sækja um styrk úr sjóðunum.

Umsóknafrestir 1. mai og 1. nóvember. Á árinu 2023 úthlutaði sjóðurinn rúmum 4,3 milljónum kr. til verkefna á vegum aðildarfélaga UMSK.

# Íslensk getspá og íslenskar getraunir

Árið 2023 var eitt besta rekstrarár Íslenskrar Getspár frá upphafi. Fyrirtækið greiddi rúman 1,5 milljarð í arð til ÍSÍ og UMFÍ á árinu ásamt því að hafa greitt viðbótar úthlutun til eigenda sinna að fjárhæð 300 milljónir.

Gott gengi fyrirtækisins hefur jafnframt haft það í för með sér að Lottótekjur UMSK hafa stóraukist. Á árinu 2023 komu rúmar 169 milljónir til úthlutunar skv. Lottóreglugerð UMSK.

## Áheit

Rekstur Íslenskra getrauna gekk vel á árinu, sér í lagi í sölu Lengjunnar og Lengjan beint. Sala á getraunaseðlum hefur haldist nokkuð óbreytt undanfarin ár. Þessi aukna sala hefur skilað sér beint til íþróttahreyfingarinnar sem er eigandi Íslenskra getrauna. Hluti þessara tekna sem íþróttafélögin fá frá Getraunum er tilkominn vegna sölu getraunaseðla. Félög fá í sinn hlut bæði áheit (10%) og sölulaun (16%) sem samtals gera 26% af söluandvirði hvers miða í greiðslu frá Getraunum.

| | Útb. áheit 2023 |
|---|---|
| Umf Breiðablik | 804.227 |
| Golfklúbbur Kópavogs og Garðab. | 745.291 |
| Umf. Afturelding | 247.594 |
| Umf. Stjarnan | 183.858 |
| Golfklúbbur Mosfellsbæjar | 129.100 |
| Handknattlfélag Kópavogs | 55.449 |
| **Samtals:** | **2.165.519** |

## Reglugerð UMSK um Lottó

1. 14% renna til sambandsins
2. 7% renna til Afrekssjóðs UMSK
3. 79% renna til aðildarfélaga samkvæmt eftirfarandi skiptingu (skipt upp í 100%):

- Þeim 79% sem koma í hlut félaganna verði fyrst skipt eftir íbúafjölda sveitarfélaganna á sambandssvæðinu m.v. íbúaskrá 1. desember ár hvert og síðan innbyrðis innan sveitarfélaganna eftir iðkendafjölda félaganna m.v. upplýsingar í FELIX.
- Iðkendur hafi mismikið vægi eftir aldri þegar kemur að útreikningi hlutar hvers félags, þannig hafi iðkendur 5 ára og yngri stuðulinn (1), iðkendur 6-12 ára stuðulinn (3), iðkendur 13 – 18 ára stuðulinn (5), iðkendur 19 – 24 ára stuðulinn (3) og iðkendur 25 ára og eldri stuðulinn (1).

  Ný aðildarfélög þurfa að hafa starfað í 2 ár áður en þau eiga rétt á Lottótekjum. Á þó ekki við þegar um er að ræða sameiningu félaga innan sambandsins.

## Skipting Lottó og aukagreiðslna á milli sveitarfélaga




| | | |
|---|---|---|
| Kópavogur | 76,695,040 kr | 51.64% |
| Garðabær | 36,394,022 kr | 24.51% |
| Mosfellsbær | 25,873,258 kr | 17.42% |
| Seltjarnarnes | 9,004,587 kr | 6.06% |
| Kjós | 549,060 kr | 0.37% |
| **Samtals:** | **148,515,967 kr** | **100.00%** |

www.getraunir.is

## Íslenskar getraunir – ábyrgt fyrirtæki í eigu íþróttahreyfingarinnar

Íslenskar getraunir er fyrirtæki sem er í eigu íþróttahreyfingarinnar og er meginmarkmið fyrirtækisins að afla fjár sem rennur til starfsemi íþróttafélaganna um allt land. Á undanförnum árum hefur tekist vel til og hundruðir milljóna runnið til hreyfingarinnar frá Íslenskum getraunum.

Því miður er það svo að samkeppni frá erlendum ólöglegum veðmálasíðum hefur aukist verulega á undanförnum árum. Þessi ólöglega samkeppni gerir það að verkum að minna fé rennur til hreyfingarinnar en ella hefði orðið.

Samkeppnin er ekki bara ólögleg, hún er líka skaðleg. Erlendu ólöglegu fyrirtækin bjóða uppá bónusa, þar er engin hámarksupphæð, boðið er uppá neikvæð veðmál eins og gul og rauð spjöld, þau markaðssetja vöru sína grimmt fyrir ungu fólki og bjóða upp á leiki í yngri flokkum. Spilarar eru hvattir til að spila meira með því að bjóða þeim í VIP herbergi og VIP þjónustu osfrv. Ekkert af þessu er í boði hjá Íslenskum getraunum. Það er ákvörðun stjórnar Getrauna sem leggur áherslu á ábyrga spilun.

Staðreyndin er líka sú að samkvæmt niðurstöðum úr rannsóknum hér á landi eru bein marktæk tengsl við spilavanda og spilafíkn og spilunnar á erlendum ólöglegum veðmálasíðum. Slíkt tengsl eru ekki til staðar við leiki Íslenskra getrauna. Ísland er eina ríkið í Evrópu þar sem ekki er nein stjórn á veðmálamarkaði. Því þarf að breyta með hag íþróttahreyfingarinnar að leiðarljósi.

Pétur Hrafn Sigurðsson
upplýsingafulltrúi Íslenskra getrauna

# Úthlutun Lottó, aukaarðgreiðslna ÍSÍ/UMFÍ og aukagreiðslu UMSK




| | Úthl. jan-des | Aukaarðgr. ÍSÍ & UMFÍ | Aukagreiðsla UMSK | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Augnablik | 341.321 kr | 39.180 kr | 42.748 kr | **423.248 kr** |
| Bogfimifélagið Boginn | 2.973.452 kr | 341.319 kr | 372.401 kr | **3.687.172 kr** |
| Dansfélagið Hvönn | 2.440.378 kr | 280.128 kr | 305.638 kr | **3.026.144 kr** |
| Dansíþróttafélag Kópavogs | 2.077.326 kr | 238.454 kr | 260.168 kr | **2.575.948 kr** |
| Golfklúbbur Álftaness | 717.646 kr | 82.378 kr | 89.879 kr | **889.903 kr** |
| Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar | 6.109.888 kr | 701.347 kr | 765.215 kr | **7.576.450 kr** |
| Golfklúbbur Mosfellsbæjar | 5.389.128 kr | 618.612 kr | 674.945 kr | **6.682.685 kr** |
| Golfklúbburinn Nesklúbburinn | 1.758.654 kr | 201.874 kr | 220.257 kr | **2.180.785 kr** |
| Golfklúbburinn Oddur | 3.090.448 kr | 354.749 kr | 387.054 kr | **3.832.252 kr** |
| Handknattleiksfélag Kópavogs | 11.286.589 kr | 1.295.575 kr | 1.413.555 kr | **13.995.720 kr** |
| Hestaíþróttafélagið Hörður | 1.646.489 kr | 188.999 kr | 206.210 kr | **2.041.698 kr** |
| Hestamannafélagið Adam | 442.780 kr | 50.826 kr | 55.455 kr | **549.061 kr** |
| Hestamannafélagið Sóti | 381.674 kr | 43.812 kr | 47.802 kr | **473.288 kr** |
| Hestamannafélagið Sprettur | 5.606.632 kr | 643.579 kr | 702.186 kr | **6.952.397 kr** |
| Hnefaleikafélag Kópavogs | 1.116.003 kr | 128.105 kr | 139.770 kr | **1.383.879 kr** |
| Hvíti riddarinn | 122.264 kr | 14.035 kr | 15.313 kr | **151.611 kr** |
| Íþróttafélag aldraðra Kópavogi | 100.990 kr | 11.593 kr | 12.648 kr | **125.231 kr** |
| Íþróttafélagið Gerpla | 8.922.912 kr | 1.024.251 kr | 1.117.523 kr | **11.064.687 kr** |
| Íþróttafélagið Glóð | 97.155 kr | 11.152 kr | 12.168 kr | **120.475 kr** |
| Íþróttafélagið Grótta | 5.309.588 kr | 609.482 kr | 664.983 kr | **6.584.054 kr** |
| Júdófélag Garðabæjar | 151.929 kr | 17.440 kr | 19.028 kr | **188.396 kr** |
| Knattspyrnufélag Bjarnastaða | 116.108 kr | 13.328 kr | 14.542 kr | **143.977 kr** |

# Úthlutun Lottó, aukaarðgreiðslna ÍSÍ/UMFÍ og aukagreiðslu UMSK

| | Úthl. jan-des | Aukaarðgr. ÍSÍ & UMFÍ | Aukagreiðsla UMSK | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Knattspyrnufélag Garðabæjar | 172.927 kr | 19.850 kr | 21.658 kr | **214.435 kr** |
| Knattspyrnufélag Kópavogs | 98.433 kr | 11.299 kr | 12.328 kr | **122.060 kr** |
| Knattspyrnufélagið Álafoss | 148.075 kr | 16.997 kr | 18.545 kr | **183.618 kr** |
| Knattspyrnufélagið Ísbjörninn | 74.145 kr | 8.511 kr | 9.286 kr | **91.942 kr** |
| Knattspyrnufélagið Kría | 100.879 kr | 11.580 kr | 12.634 kr | **125.093 kr** |
| Knattspyrnufélagið Miðbær | 140.619 kr | 16.141 kr | 17.611 kr | **174.372 kr** |
| Knattspyrnufélagið Smári | 111.217 kr | 12.766 kr | 13.929 kr | **137.912 kr** |
| Kraftlyftingafélag Mosfellsbæjar | 758.037 kr | 87.014 kr | 94.938 kr | **939.989 kr** |
| Lyftingafélag Kópavogs | 565.033 kr | 64.859 kr | 70.766 kr | **700.658 kr** |
| Rugbyfélagið Stormur | 12.784 kr | 1.467 kr | 1.601 kr | **15.852 kr** |
| Siglingafélagið Ýmir | 375.836 kr | 43.142 kr | 47.070 kr | **466.048 kr** |
| Skotíþróttafélag Kópavogs | 816.868 kr | 93.767 kr | 102.306 kr | **1.012.942 kr** |
| Skylmingafélag Seltjarnarness | 92.472 kr | 10.615 kr | 11.581 kr | **114.668 kr** |
| Stál-úlfur | 224.990 kr | 25.826 kr | 28.178 kr | **278.995 kr** |
| Taekwondofélag Kópavogs | 424.414 kr | 48.718 kr | 53.154 kr | **526.286 kr** |
| Tennisfélag Garðabæjar | 452.080 kr | 51.894 kr | 56.619 kr | **560.593 kr** |
| Tennisfélag Kópavogs | 2.683.266 kr | 308.009 kr | 336.058 kr | **3.327.332 kr** |
| Umf. Afturelding | 12.211.462 kr | 1.401.740 kr | 1.529.388 kr | **15.142.591 kr** |
| Umf. Álftaness | 1.952.837 kr | 224.164 kr | 244.577 kr | **2.421.579 kr** |
| Umf. Breiðablik | 18.932.426 kr | 2.173.233 kr | 2.371.135 kr | **23.476.794 kr** |
| Umf. Stjarnan | 18.630.389 kr | 2.138.562 kr | 2.333.307 kr | **23.102.258 kr** |
| Vélhjólaíþróttakl. Mosfellsb.(Mótomos) | 589.584 kr | 67.678 kr | 73.841 kr | **731.103 kr** |
| | **119.768.127 kr** | **13.748.053 kr** | **15.000.000 kr** | **148.516.180 kr** |

** 15 milljón kr. aukagreiðsla UMSK var úthlutað til aðildarfélaga 31.12.2023 en greidd í mars 2024.*




Vinnum gullið!
Ný stefna í afreksíþróttum á Íslandi
20. nóvember 2023 í Hörpu
Stjórnarráð Íslands
UMFÍ

# Fréttapunktar ÍSÍ



## Höfuðstöðvar ÍSÍ

Á árinu 2023 störfuðu 16 á skrifstofu ÍSÍ í Reykjavík og einn á Akureyri. Að auki starfa á skrifstofunni í Reykjavík tveir verkefnastjórar Heilsueflingar +60, sameiginlegas verkefnis ÍSÍ og Landssambands eldri borgara (LEB. Annar þeirra er verkefnastjóri á vegum ÍSÍ og hinn á vegum LEB.



## Íþróttamiðstöðin í Laugardal

Ráðist var í miklar breytingar á 3. hæð í húsi 3 vegna flutninga þjónustumiðstöðvar UMFÍ í Íþróttamiðstöðina í Laugardal og voru ráðstefnu- og fundarsalir á hæðinni uppfærðir á sama tíma. Aðstaðan er nútímaleg og öll hin glæsilegasta.

## Íþróttaþing ÍSÍ

Íþróttaþing ÍSÍ fór fram að Ásvöllum í Hafnarfirði dagana 5. og 6. maí 2023. Kosið var um helming stjórnar og fulltrúi Íþróttamannanefndar ÍSÍ í framkvæmdastjórn ÍSÍ var staðfestur. Sjö nýjir Heiðursfélagar ÍSÍ voru kjörnir á þinginu, fimm einstaklingar voru sæmdir Heiðurskrossi ÍSÍ og tvö Gullmerki veitt. Á þinginu voru teknar fyrir breytingar á lögum ÍSÍ og einnig voru þar til umfjöllunar fjölmörg mál er varða hagsmuni hreyfingarinnar. Unnið er að þeim málum á milli þinga.

## Samstaða um eflingu íþróttastarfs á landinu

Íþróttaþing ÍSÍ og Sambandsþing UMFÍ 2023 samþykktu, í samráði við íþróttahéruðin í landinu, að vinna að því að setja á laggirnar starfsstöðvar um landið, til stuðnings íþróttahéruðum landsins. Verkefnið feli hvorki í sér breytingu á lýðræðislegri skiptingu íþróttahéraða né breytingar á atkvæðaskiptingu á þingum ÍSÍ og UMFÍ. Skilyrði fyrir slíkum starfsstöðvum var að hægt yrði að tryggja fjárstuðning frá ríkinu til verkefnisins, með hliðsjón af svæðisskiptum verkefnum ríkisins sem falla vel með verkefnum og skyldum íþróttahreyfingarinnar. Í nóvember 2023 undirritaði mennta- og barnamálaráðherra viljayfirlýsingu um fjárstuðning við verkefnið, 200 m.kr. árlegu framlagi til ÍSÍ og UMFÍ til næstu tveggja ára, til að byrja með. Framlaginu er ætlað að styðja við þessa uppbyggingu um allt land og meðal annars koma á fót hvatasjóði. Hlutverk hvatasjóðsins er að stuðla að aukinni þátttöku barna og ungmenna í íþróttum, með áherslu á börn með fötlun og börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Markmiðið er að efla íþróttahéruð með því að koma á fót sameiginlegum starfsstöðvum sem hafa það hlutverk að þjónusta íþróttahéruðin í nærumhverfi sínu með samræmdum hætti. Horft er til þess að sterkari íþróttahéruð og starfsstöðvar um allt land auki skilvirkni innan íþróttahreyfingarinnar og geri þeim kleift að takast á við núverandi og fyrirséð verkefni. Það mun styrkja stefnumótandi vinnu og aðgerðir á landsvísu og þannig jafna tækifæri barna óháð aðstæðum og búsetu sem og að efla þjónustu á viðkomandi svæði. Breytingin nær til tæplega 500 íþrótta- og ungmennafélaga um allt land.

## Ólympísk verkefni 2023

Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar fór fram í Friuli Venezia Guilia á Ítalíu í janúar 2023. Hátt í 20 íslenskir keppendur tóku þátt í hátíðinni, ásamt föruneyti.

Sumarólympíuhátíð Evrópuæskunnar fór fram í Maribor í Slóveníu 23. – 29. júlí 2023. Íslensku keppendurnir voru 35 talsins, í sex íþróttagreinum.

## Smáþjóðaleikarnir 2023

Smáþjóðaleikarnir fóru fram á Möltu 29. maí – 3. júní 2023. ÍSÍ sendi 75 keppendur til leikanna, ásamt þjálfurum og fylgdarliði. Þátttaka í Smáþjóðaleikum er alltaf stórt verkefni fyrir ÍSÍ, bæði í undirbúningi og framkvæmd.

## Evrópuleikarnir 2023

Evrópuleikarnir fóru fram í Póllandi að þessu sinni og tóku átta íslenskir keppendur þátt í leikunum, í fimm íþróttagreinum.



## Almenningsíþróttaverkefni

Líkt og fyrri ár þá stóð ÍSÍ fyrir heilsu- og hvatningarátakinu Lífshlaupinu, Hjólað i vinnuna, Ólympíuhlaupinu, Ólympíudeginum, Göngum í skólann, Íþróttaviku Evrópu og átakinu Syndum.

## Bjartur lífsstíll - þjónusta við sveitarfélög, íþróttafélög og þjálfara varðandi heilsueflingu 60+

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ) og Landssamband eldri borgara (LEB) standa sameiginlega að verkefninu Bjartur lífsstíll, með fjárframlagi frá tveimur ráðuneytum.

Þjónustan er í formi verkfærakistu og hagnýtra upplýsinga fyrir sveitarfélög, íþróttafélög og þjálfara sem sjá þörfina fyrir að búa til ný hreyfiúrræði fyrir eldra fólk eða efla það góða starf sem nú þegar er í gangi. Stýrihópar hafa verið myndaðir í sveitarfélögum landsins og í öllum póstnúmerum höfuðborgarsvæðisins. Með þeim hafa verið haldnir reglulegir fundir þar sem farið hefur verið yfir stöðu mála. Markmið verkefnisins er að veita þjálfurum og öðrum sem koma að heilsueflingu eldra fólks faglegan stuðning, stuðla að betri lýðheilsu eldra fólks á landsvísu með því að auka heilsulæsi í gegnum hreyfingu og fræðslu og að varanlegt hreyfiúrræði standi öllu fólki 60 ára og eldri til boða í helstu byggðarkjörnum landsins.

## Úthlutun úr Afrekssjóði ÍSÍ

Afrekssjóður ÍSÍ úthlutaði alls rúmlega 535 milljónum króna til afreksstarfs sérsambanda ÍSÍ vegna ársins 2023. Heildarkostnaður afreksíþróttastarfs hjá þeim sérsamböndum sem sóttu um til Afrekssjóðs ÍSÍ vegna ársins 2023 námu um 3.057 m.kr. og var stuðningur sjóðsins því að meðaltali rúmlega 17,5% af þeim kostnaði.

## Blásið til sóknar í afreksiþróttastarfi

Mennta- og barnamálaráðuneytið og Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands gerðu með sér samstarfssamning, í janúar 2023, um stefnumörkun og uppbyggingu afreksíþróttastarfs á Íslandi. Vésteinn Hafsteinsson var ráðinn Afreksstjóri ÍSÍ og samhliða því starfi var hann fenginn til að leiða nýjan starfshóp Ásmundar Einars Daðasonar, mennta- og barnamálaráðherra, um stöðu og réttindi afreksíþróttafólks. Markmiðið er að umgjörð afreksíþróttastarfs verði eins og best verður á kosið þannig að afreksíþróttafólk okkar standi jafnfætis keppinautum sínum á alþjóðavísu. Starfshópi ráðuneytisins er ætlað að yfirfara og leggja til breytingar á umgjörð, löggjöf og öðru sem þurfa þykir til að stuðningur við afreksíþróttafólk hér á landi verði í fremstu röð. Honum er falið að skoða sérstaklega kostnaðarþátttöku keppenda og fjölskyldna þeirra í landsliðsstarfi og lýðréttindi afreksíþróttafólks innan almannatryggingakerfisins. Starf Afreksstjóra ÍSÍ felur í sér umsjón með Afreksstefnu ÍSÍ og ráðgjöf varðandi afreksstefnur sérsambanda ÍSÍ. Afreksstjóri ÍSÍ vinnur að framgangi Afreksíþróttamiðstöðvar ÍSÍ, undirbúningi íslenskra keppenda fyrir ólympíska viðburði og að markmiðasetningu í íslensku afreksíþróttastarfi til næstu ára. Vésteinn hefur komið inn af krafti og fundað stíft með öllum hagaðlum, um allt land þá mánuði sem hann hefur verið í starfi.

## Ráðstefnan Vinnum gullið

Mennta- og barnamálaráðuneyti, í samstarfi við ÍSÍ, UMFÍ og Sambands íslenskra sveitarfélaga stóðu að ráðstefnunni Vinnum gullið!, í Silfurbergi í Hörpu í nóvember 2023.  Um er að ræða stærstu ráðstefnu um íþróttaleg málefni sem haldin hefur verið á Íslandi. Rúmlega 400 manns mættu og tóku virkan þátt auk þess sem fjöldi manns fylgdist með í gegnum streymi.

## Fræðslumál

ÍSÍ stendur árlega fyrir mörgum fræðsluviðburðum um margvísleg málefni er varða íþróttahreyfinguna og íþróttastarfið í landinu. Einnig stendur ÍSÍ fyrir þjálfaramenntun sem er áfangaskipt fræðslukerfi.  Námið fer eingöngu fram í fjarnámi og gefur réttindi til íþróttaþjálfunar. Kerfið er samræmt fyrir allar íþróttagreinar. ÍSÍ útskrifar að jafnaði 100-150 þjálfara árlega.

## Ferðasjóður íþróttafélaga

ÍSÍ úthlutaði í marsmánuði 2023 styrkjum úr Ferðasjóði íþróttafélaga vegna ferðakostnaðar íþrótta- og ungmennafélaga vegna þátttöku í fyrirfram skilgreindum styrkhæfum mótum ársins 2022. Til úthlutunar voru 123,9 m.króna.

ALLIR MEÐ

FARSÆLT SAMFÉLAG FYRIR ALLA - BRÚUM BILIÐ

## Allir með – farsælt samfélag fyrir alla – Brúum bilið

ÍSÍ, UMFÍ og Íþróttasamband fatlaðra standa að ofangreindu verkefni sem er þriggja ára verkefni með eftirfarandi markmið:

- Að fjölga tækifærum fatlaðra til íþróttaiðkunar í samstarfi við íþróttahreyfinguna.
- Að öll börn og ungmenni eigi möguleika á því að taka þátt í íþróttum í sínu nærumhverfi í samræmi við sínar óskir .
- Að allir skuli eiga kost á að öðlast reynslu af þátttöku í íþróttum og verða sér úti um leikni til að þróast í öryggi og góðum félagsskap.

Verkefnið er styrkt af þremur ráðuneytum og stendur yfir árin 2023-2025.






Mikið var um að vera í starfi UMFÍ árið 2023. Tímamót urðu á sambandsþingi UMFÍ í október þegar einróma var samþykkt stofnun svæðaskrifstofa íþróttahéraða víða um land og breyting á lottóúthlutun. Ráðherra skrifaði undir samning um stofnun svæðaskrifstofanna ásamt fulltrúum íþrótta- og ungmennafélagshreyfingarinnar undir lok árs.

## Grindavík

Jarðhræringar í Grindavík um miðjan nóvember 2023 urðu til þess að Grindvíkingar urðu að yfirgefa heimili sín í flýti og hafa ekki getað snúið aftur til síns heima. Iðkendur hjá Ungmennafélagi Grindavíkur misstu heimavöll sinn og æfingahúsnæði. Íþróttahreyfingin sneri bökum saman og lögðust allir á eitt til að hjálpa bæjarbúum, útvega iðkendum á öllum aldri íþróttaföt, æfingahúsnæði og allt það sem til þarf til að sinna æfingum og keppnum. Stjórn Ungmennafélags Grindavíkur hefur fengið afnot af þjónustumiðstöð UMFÍ til fundarhalda.

## Skólabúðir á Reykjum

Haustið 2022 tók UMFÍ við rekstri Skólabúðanna að Reykjum í Hrútafirði. Árlega heimsækja búðirnar um 3.200–3.600 nemendur í 7. bekk og umsjónarfólk af öllu landinu. Þar dvelja þau frá mánudegi til fimmtudags. Í búðunum fá nemendur tækifæri til þess að efla leiðtogahæfni og sjálfsmynd og þroska styrkleika sína.

Sveitarstjórn sveitarfélagsins Húnaþings vestra og UMFÍ hafa saman unnið að umfangsmiklum endurbótum á öllu húsnæði Skólabúðanna á Reykjum. Starfsemi búðanna er veigamikil og eru tæplega 10 stöðugildi tengd starfseminni á Reykjum.

Húsnæði Skólabúðanna á Reykjum henta afar vel fyrir vinnustofur, fundi og ráðstefnur. Þar er gisting fyrir 120 manns og rými til funda í þremur stórum húsum, íþróttahús, sundlaug og gott útivistarsvæði. UMFÍ hefur staðið fyrir ráðstefnum og fundum í húsnæði Skólabúðanna og leigt aðstöðuna út til annarra félagasamtaka.

## Ungmennabúðir UMFÍ

Í byrjun árs 2023 greindust rakaskemmdir og mygla í húsnæði Ungmennabúða UMFÍ á Laugarvatni. Starfsemin var stöðvuð í kjölfarið. Síðar sama vör var ákveðið að hætta starfseminni. Þar með var punktur settur aftan við sögu ungmennabúða UMFÍ sem hófst starfsemi árið 2005.




# Mótahald og viðburðir

## Landsmót UMFÍ 50+

Landsmót UMFÍ 50+ var haldið dagana 23. - 25. júní 2023 í Stykkishólmi. Mótshaldarar voru Héraðssamband Snæfellsness og Hnappadalssýslu (HSH) og sveitarfélagið Stykkishólmur. Þátttakendur voru 306, sem var yfir meðallagi undangenginna ára. Ómar Bragi Stefánsson var starfsmaður mótsins af hálfu UMFÍ en Gunnhildur Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri HSH, vann ásamt Magnúsi Bæringssyni, íþrótta- og æskulýðsfulltrúa Stykkishólms, ötullega að undirbúningi þess og framkvæmd.

Næsta Landsmót UMFÍ 50+ verður haldið í Vogum á Vatnsleysuströnd dagana 7. - 9. júní í samstarfi við ungmennafélagið Þrótt Vogum og sveitarfélagið Voga.

## Unglingalandsmót UMFÍ

Unglingalandsmót UMFÍ var haldið á Sauðárkróki um verslunarmannahelgina 2023. Mótshaldarar ásamt UMFÍ voru Ungmennasamband Skagafjarðar (UMSS) og sveitarfélagið Skagafjörður. Boðið var upp á meira en 20 íþróttagreinar fyrir 11 – 18 ára. Strandblak, pílukast og kökuskreytingar voru meðal vinsælustu greina. Ungmennasamband Vestur-Skaftafellssýslu (USVS) hlaut Fyrirmyndarbikar mótsins annað árið í röð.




Næsta Unglingalandsmót UMFÍ verður haldið í Borgarnesi um verslunarmannahelgina 2024 í samstarfi við Ungmennasamband Borgarfjarðar (UMSB) og sveitarfélagið Borgarbyggð.

## Drulluhlaup Krónunnar

Drulluhlaupið er samstarfsverkefni UMFÍ og Krónunnar. Það var haldið í annað sinn í Mosfellsbæ 12. ágúst 2023. Þátttakendur voru 800 talsins á öllum aldri og er það tvöfalt fleiri en fyrir ári.

## Forsetahlaup UMFÍ

Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, tók virkan þátt í Forsetahlaupi UMFÍ sem fram fór á Patreksfirði í september. Þátttakendur voru um 70 talsins. Þetta var annað skiptið sem hlaupið fór fram en það fyrsta fór fram á Álftanesi.

Drulluhlaup UMFÍ og Forsetahlaup UMFÍ verða auglýst síðar.

## Fræðsla og forvarnir

Niðurstöður Ánægjuvogarinnar sýna mikilvægi þess að halda börnum í skipulögðu íþróttastarfi, hampa fyrirmyndum og gæta þess að íþróttir séu fyrir alla. Niðurstöðurnar sýna að þeim börnum og ungmennum sem stunda íþróttir í skipulögðu starfi líður almennt betur en börnum sem ekki eru í skipulögðu íþrótta- og tómstundastarfi. Þau eru líka ólíklegri til að nota vímuefni, nikótín og orkudrykki. Í niðurstöðunum kom líka fram að börn af erlendum uppruna og nemendur sem skilgreina sig kynsegin stunda mun síður íþróttir í skipulögðu starfi en önnur börn.

## Ungt fólk og lýðræði

80 þátttakendur frá öllu landinu tóku þátt á ráðstefnu ungmennaráðs UMFÍ; Ungt fólk og lýðræði. Ráðstefnan fór fram í húsnæði Skólabúðanna á Reykjum í Hrútafirði í september. Umhverfis- og loftslagsmál voru í brennidepli ásamt endurnýtingu, umhverfissporum fyrirtækja og neytenda. Ungmennaráð UMFÍ stóð að öllum undirbúningi og framkvæmd ráðstefnunnar.



Stefnt er að því að næsta ungmennaráðstefna UMFÍ verði helgina 20. - 22. september árið 2024. Hún verður auglýst síðar.

# Miðlun og samskipti

## Starfsskýrsluskil

Fyrstu skil í nýtt starfsskýrslukerfi sambandsaðila og aðildarfélaga UMFÍ og ÍSÍ fóru fram vorið 2022. Nú í ár voru gerðar nokkrar breytingar, notendum til góða. Við gerð kerfisins var lagt upp með einfalt notendaviðmót með forskráðum upplýsingum til hagræðingar fyrir notendur. Tenging er við upplýsingar úr Sportabler, sem yfir 90% af íþróttahreyfingunni notar.

## Útgáfa og kynningamál

Þrjú tölublöð af Skinfaxa komu út árið 2023, Göngubók og tvö mótablöð í tengslum við Landsmót UMFÍ 50+ og Unglingalandsmót UMFÍ. Auk þess gefur UMFÍ út reglulega fréttabréf með upplýsingum úr hreyfingunni og gagnlegum upplýsingum fyrir sambandsaðila. UMFÍ sinnir jafnframt lýðræðislegu hlutverki og sendir nefndum Alþingis umsagnir um tugi mála á hverju ári.




## Tímamót á sambandsþingi UMFÍ

Á sambandsþingi UMFÍ á Geysi í Haukadal í október var einróma samþykkt tímamótatillaga, sem fól í sér stofnun svæðaskrifstofa íþróttahéraða víða um land í samstarfi við UMFÍ, ÍSÍ og stjórnvöld.

Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, Lárus Blöndal, forseti ÍSÍ, og Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, skrifuðu undir samning um starfsstöðvarnar um miðjan desember 2023. Ráðuneytið veitir 400 milljónir króna til verkefnisins á næstu tveimur árum. Þar af setja ÍSÍ og UMFÍ 130 milljónir króna af árlegu framlagi ráðuneytisins til svæðisskrifstofa og 70 milljónir króna í Hvatasjóð. Á hverri skrifstofu verða tvö stöðugildi, annað fjármagnað af ráðuneytinu og hitt af íþróttahreyfingunni.



Á þinginu voru þeir Guðmundur Kr. Jónsson og Haukur Valtýsson gerðir að heiðursfélögum. Hvatningarverðlaun UMFÍ hlutu Ungmennasamband Skagafjarðar (UMSS), Íþróttabandalag Hafnarfjarðar og Íþróttabandalag Reykjavíkur. Einnig voru veitt gullmerki á þinginu. UMFÍ veitti fjölmargar heiðranir og viðurkenningar á árinu. Þær má sjá á umfi.is undir slóðinni viðurkenningar og verðlaun.

Breyting varð á stjórn UMFÍ en í stað þeirra Gissurar Jónssonar HSK og Lárusar B. Lárussonar UMSK tóku sæti þau Ásgeir Sveinsson frá HHF og Rakel Másdóttir UMSK.

# Rekstur

## Þjónustumiðstöð UMFÍ flytur í Íþróttamiðstöðina

Í febrúar 2023 opnaði þjónustumiðstöð UMFÍ á þriðju hæð Íþróttamiðstöðvarinnar við Engjaveg. Þar höfðu verið fundarsalir ÍSÍ um árabil. Á meðan flutningum stóð var umfangsmiklu gagna- og heimildasafni UMFÍ komið fyrir í varanlega vörslu á Þjóðskjalasafni. Þetta reyndust um 200 kassar af gögnum í mannhæðarháum stöflum, sem fóru á fimm vörubrettum á safn til frekari flokkunar og geymslu. Mörg önnur söguleg gögn voru flutt í húsnæði Skólabúðanna á Reykjum. Flutningur þjónustumiðstöðvar UMFÍ í íþróttamiðstöðina hefur reynst happaskref. Samskipti við forsvarsfólk íþróttahreyfingarinnar hefur aukist mikið og hefur þjónustumiðstöðin nýst fólki í íþróttahreyfingunni til fundarhalda.

## Lottó

UMFÍ greiddi sambandsaðilum rúmar 297 milljónir króna árið 2023. Þetta er tæpum 19 milljónum krónum meira en árið á undan.

## Fræðslu- og verkefnasjóður

Sambandsaðilar UMFÍ og fleiri geta sótt um í nokkrum sjóðum. Stærstur þeirra er Fræðslu- og verkefnasjóður sem styður við fræðsluverkefni hreyfingarinnar. Árið 2023 hlutu 144 verkefni innan íþrótta- og ungmennafélagshreyfingarinnar 20,6 milljónir króna í styrki úr sjóðnum.

## Lýðháskólastyrkir

UMFÍ styrkir líka ungmenni sem hyggja á nám í lýðháskóla í Danmörku. Fyrir skólaárið 2022-2023 voru 38 umsóknir styrktar um tæpar 3,2 milljónir króna. Þetta er einni milljón króna hærri upphæð en árið áður.

## Umhverfissjóður UMFÍ

UMFÍ veitir jafnframt styrki úr Umhverfissjóði. Árið 2023 voru styrkir veittir til fimm verkefna upp á rúmar 1,8 milljónir króna.




## Boginn

Stjórn 2023
Aðalfundur: 12.03.2023
Formaður: Oliver Ormar Ingvarsson
Varaformaður: Valgerður E. Hjaltested
Gjaldkeri: Astrid Daxböck
Ritari: Marín Aníta Hilmarsdóttir
Meðstjórnandi: Dagur Örn Fannarsson
Varamenn: Halla Sól Þorbjörnsdóttir,
Sara Sigurðardóttir

Árið 2023 var mjög spennandi fyrir félagið og íþróttina okkar í heild. Okkar keppendur náðu frábærum árangri bæði hérlendis en sérstaklega erlendis í ár. Ungmennastarf Bogans heldur sterkt áfram og heldur Boginn ennþá að stækka og rækta unga og efnilega keppendur og fjárfesta í frábærum þjálfurum.

### Afrek Erlendis

Árið byrjaði þó ekki með prýði þar sem hræðilegu jarðskjálftarnir í Tyrklandi gerðu það að verkum að Evrópumótið Innandyra sem átti að fara fram þar í landi var aflýst. Þar sem fjöldi keppanda úr Boganum voru settir á að mæta og keppa fyrir Ísland. Það dró þó ekki úr þátttöku okkar keppenda á mótum erlendis restina af árinu og eru afrek þeirra erlendis það sem einkenndi árið 2023 hvað mest. Valgerður E. Hjaltested vann þátttökurétt inn á Evrópuleikanna fyrst sveigboga kvenna til að gera slíkt í sögu Íslands. Gerði hún það á Evrópubikarmóti í Bretlandi í apríl. Keppti Marín Aníta Hilmarsdóttir á Evrópuleikunum, þar sem hún var búin að ná lágmarkskröfum til að keppa á því móti, og stóð hún sig vel þar og endaði í 33. sæti. en ekki mátti miklu muna að hún kæmist lengra í útsláttarkeppninni. Freyja Dís Benediktsdóttir náði frábærum árangri á Evrópubikarmóti Ungmenna sem fór framí Slóveníu í maí þar sem hún var að keppa um brons verðlaun í U21 flokki einstaklinga og einnig náði silfur medalíu í liðakeppni ásamt Þórdísi Unni Bjarkadóttur og Önnu Maríu Alfreðsdóttur (úr ÍF Akur). Fleiri verðlaun komu svo frá Sviss, þar sem okkar keppendur tóku þátt á landsmóti þar í landi og náði meðal annars Marín Aníta að taka gullið í U21 sveigboga kvenna og Freyja Dís silfur í U21 trissuboga flokki kvenna. Átti Boginn einnig fjöldann af keppendum á Norðurlandamóti ungmenna sem fór fram í júlí í Noregi og náði frábærum árangri en þar urðu Marín Aníta og Patrek Hall Norðurlandameistarar í sínum flokkum.

Á mótum hérlendis náðu okkar keppendur síður góðum árangri. Kynlaus flokkur var kynntur á Íslandsmótum árið 2023 og fengu okkar keppendur því í fyrsta sinn að keppa í þessum nýja flokk óháð kyni. Heba Róbertsdóttir var krýnd sem Íslandsmeistari í berboga eftir að hafa slegið út sjöfaldum meistara og gerði Valgerður E. Hjaltested svipað þar sem hún tók titilinn af Marín Anítu í fyrsta sinn og varð Íslandsmeistari kvenna í sveigboga í fyrsta sinn, bæði innandyra og utandyra. Náði BF Boginn einnig að sigra í öllum liðakeppnum á Íslandsmeistaramóti innandyra árið 2023 en þeir voru 9 talsins. Náði Freyja Dís svo Íslandsmeistaratitlinum í trissuboga utandyra, bæði í kvenna og kynlausum flokki. Marín Aníta varð svo krýnd íþróttakona ársins 2023 af Bogfimisambandi Íslands og einnig sveigbogakona ársins, fjórða árið í röð en Freyja Dís var krýnd trissubogakona ársins í fyrsta sinn. Þjálfarar BF Bogans héldu svo einnig áfram að vaxa og mennta sig í ár þar sem þjálfarastig 2 fór fram um síðasta sumar og voru þar Ragnar, Heba og Vala sem þjálfa ungmennaflokka Bogans viðstödd. Valgerður fór einnig að læra fyrir afreksþjálfarastig hjá Heimssambandinu í Sviss í 6 vikur og er komin með mikla reynslu á sviði þjálfunar.

Bogfimifélagið Boginn hefur skýr markmið um að halda áfram að byggja upp bogfimi á Íslandi og breiða út þessa frábæru íþrótt. Keppendur Bogans munu einnig halda áfram að sækja á fjölmörg erlend mót í ár og viljum við halda áfram að hvetja okkar keppnisfólk til að fara erlendis að keppa. Hlökkum til að halda áfram að breiða út þessa frábæru íþrótt 2024.
Stjórn Bogfimifélagsins Bogans

## DÍK

Aðalfundur DíK var haldinn 20. Júní 2023.
Formaður félgsins er Ellen Dröfn Björnsdóttir,
aðrir stjórnarmenn eru, Edgar Gapunay,
Arnar Már Einarsson, Davíð Jóhannsson,
Bjarni Bragason, Sigrún Gunnbjörnsdóttir
og Ívar Þórðarson

Danspör frá félaginu kepptu á öllum mótum sem heldin voru hérlendis á árinu og unnu fjöldan allan af Íslandsmeistara- og bikarmeistaratitllum og fullt af öðrum verðlaunum í öllum flokkum á öllum aldri á mótum vetrarins.



DÍK vann einnig stigakeppni DSÍ sem er samanlagður árangur í mótum vetrarins.
Dansíþróttafélag Kópavogs og ásamt 2. öðrum dansfélögum í Kópavogi héldu dansmót UMSK byrjun október. Keppnispör frá Dansíþróttafélagi Kópavogs sigruðu stigakeppnina á mótinu.
Danspör félagsins hafa verið eftirsóknarverð í að dansa á alls konar minni og stærri viðburðum. Má nefna Jólatónleikum og stórum tónleikum hjá ýmsum listamönnum. Fiskidagana stórsýningin á Dalvík og margt fleira. Er gaman að sjá hvað dansinn er stór þáttur í að gera tónleika að alvöru viðburði.
Magnús Ingi og Heiðdís Ninna fengu verðlaun hjá Kópavogsbæ í flokki 13-16 ára fyrir árangur sinn í árinu.
Danspör frá félaginu hafa séð um veitingasölu á 17 júní í bæði í Fagralundi go svo núna á Rútstúni undanfarin ár og tekst vel. Einnig hafa verið fleiri fjáraflanir hjá félaginu sem frábær og samstilltur foreldrahópur hefur séð um.
Haldin voru 5 jólaböll þetta árið fyrir alla nemendur dansskólans, yngstu nemendurnir fengu jólaball þar sem dansað var í kringum jólatréð og jólasveinar komu í heimsókn, keppnishóparnir fengu pizzupartý og fullorðinshópanir fengu jólaball með hlaðborði, dansi og dansýningum. Í kringum öskudaginn eru grímubúningatímar og candyfloss.
Stór hópur keppti á Evrópumeistaramótinu og Junior Blackpool sem haldið var um páskana. Einnig fór hópur á Norður Evrópumót sem haldið var í Eistlandi í nóvember. Þar vorum við með eitt par í úrslitum í flokki 14 ára og yngri, þegar Eiður Fannar og Þórdís Birna vorum í 5.sæti í latín dönsum.
Mikil gróska er í dansinum hjá félaginu og mikið af efnilegum dönsurum að stíga sín fyrstu spor á keppnisgólfinu þetta árið. Dansíþróttafélag Kópavogs er með danskennslu frá 3. ára aldri og eru elstu nemendur dansskólans yfir áttrætt.



## Gerpla

Íþróttafélagið Gerpla hélt aðalfund 23. ágúst 2023 fyrir starfstímabilið 1. júní 2022 – 31. maí 2023.
Eftirfarandi aðilar skipuðu stjórn félagsins á tímabilinu:
Ragnheiður M. Ólafsdóttir formaður,
Marta Kristín Sigurjónsdóttir varaformaður,
Hjalti Ragnar Eiríksson ritari,
Davíð Stefán Guðmundsson, Hreggviður Símonarson, Jóna Björg Jónsdóttir og Sif Pálsdóttir. Hjalti Ragnar lauk sinni stjórnarsetu á þessum fundi og í hans stað kom Stefán Guðni Stefánsson.

Síðasta starfsár Íþróttafélagsins Gerplu var kraftmikið og líflegt að vanda. Starfræktar voru margar mismunandi deildir innan félagsins í tveimur íþróttahúsum. Áhaldadeild karla og kvenna, hópfimleikadeild karla og kvenna, parkourdeild, fimleikadeild karla og kvenna og almenn deild. Undir almenna deild falla fimleikar fyrir einstaklinga með fötlun, fimleikar fyrir fullorðna og fimleikar þeirra allra yngstu.
Gerpla leggur mikið upp úr því að hvetja þjálfara og starfsfólk til að sækja námskeið og endurmenntun og eru gæði fræðslukerfis FSÍ mjög góð. Kerfið er markvisst og stuðlar að faglegra starfi inni í fimleikasölum landsins. Samhliða fræðslukerfi ÍSÍ og FSÍ stendur félagið fyrir fyrirlestrum um efni sem brennur á fólki á þeim tíma og er fræðslan afar vel sótt innan félagsins. Á síðasta ári var áherslan lögð á íþróttasálfræði og fengum við til liðs við okkur tvo reynslubolta á því sviði þá Jóhann Inga Gunnarsson og Braga Reyni Sæmundsson. Boðið var uppá fyrirlestra fyrir iðkendur, foreldra og þjálfara um mikilvægi næringar og íþrótta. Fengum við hana Lilju Guðmundsdóttur íþróttanæringafræðing til okkar. Boðið var uppá skyndihjálparnámskeið á starfsdegi haustannar bæði fyrir þá sem þurftu að endurnýja og þá sem voru að fara í fyrsta skiptið. Það var Rauði Krossinn sem sá um námskeiðið.
Á vorönn 2023 var sett af stað nýjung í starfinu sem fékk nafnið Ungar. Ungar eru börn sem flest öll eru ekki komin inná leikskóla og eru heima með foreldrum sínum á daginn. Einu sinni í viku í hádeginu gátu foreldrar komið í fimleikasalinn í Versölum og leikið með börnin og hitt aðra foreldra í sömu stöðu. Undirtektirnar fóru fram úr björtustu vonum. Þátttakendum fjölgaði með hverri vikunni sem leið og náðist upp mjög góð stemmning. Þetta hefur fest sig í sessi og er enn í boði hjá okkur í Gerplu núna í vetur.
Gerpla leggur áherslu á fjölbreytt þjónustuframboð og leggur mikið upp úr því að iðkendur finni hreyfingu sem hentar þeim og hafi gaman af. Boðið er uppá fimleika í mismunandi formi fyrir breiðan aldurshóp hvort heldur sem markmiðið er að stunda líkamsrækt eða stefna á keppni í fimleikum. Gerpla er enn í fararbroddi hvað varðar hreyfingu barna með fötlun og hefur félagið fjölgað hópum fyrir fötluð börn þar sem eftirspurnin hefur aukist eftir þessari þjónustu.
Mikið var um sigra á keppnisgólfinu og er ber þá hæst Bikarmeistaratitlar í öllum flokkum sem félagið keppti í bæði í hópfimleikum og áhaldafimleikum en meistaraflokkar félagsins urðu allir bikarmeistarar 2023. Mikið var um landsliðsverkefni og keppni ungra og efnilegra á erlendri grundu, unnust bæði persónulegrir sigrar sem og liðssigrar og er framtíðin sannarlega björt. Meistaraflokkur Gerplu í hópfimleikum keppti á Norðurlandamóti á heimavelli fyrir fullri stúku í Laugardalshöll og stóð sig best íslensku liðanna. Gerplufólkið Thelma Aðalsteinsdóttir og Valgarð Reinhardsson urðu Íslandsmeistarar í áhaldafimleikum 2023 og eru að berjast fyrir sæti á Ólympíuleika þegar þetta er skrifað.
Hápunktur starfsársins hjá Gerplu var án efa langþráð afmælissýning sem búið var að fresta tvívegis. Undirbúningur hófst árið 2021 og náðist loksins að sýna fimm sýningar fyrir fullu húsi fullkláraða afmælissýningu. Erika Dorielle Sigurðardóttir var sýningarstjóri og var Rakel Másdóttir aðstoðarsýningarstjóri. Árið 2021 og 2022 Andrea Hansen, Bryndís Guðnadóttir og Eyrún Inga Sigurðardóttir að undirbúa sýninguna, finna atriði, búninga, handrit og annað og má því segja að fimm kraftmiklar ungar konur hafi staðið á bakvið afmælissýninguna. Þjálfarar og stjórnendur voru að vonum ryðgaðir í aðdraganda sýningar enda ekki búið að vera vorsýning í 4 ár eða frá vorinu 2019. Það voru því margir iðkendur sem voru að taka þátt í vorsýningu í fyrsta skiptið þrátt fyrir að hafa æft hjá félaginu síðan haustið 2019. Sýningin var öll hin glæsilegasta, atriði, búningar og ljós og svo hápunktur þegar Diljá Pétursdóttir Eurovisionfari og Gerplukona söng lagið sitt Power við mikla aðdáun iðkenda. Guðmundur Þórarinsson kom einnig við sögu og söng fyrir iðkendur við góðar undirtektir. Forseti Íslands heiðraði iðkendur og sýningargesti með nærveru sinni og talaði fallega til félagsmanna og hrósaði iðkendum í hástert.
Sumarstarfið var mjög kröftugt árið 2023 og voru haldin fjöldinn allur af sumarnámskeiðum með metaðsókn. Heilsdags sumarnámskeiðin voru haldin í Versölum en hálfsdags – parkournámskeið og styttri trampólínnámskeið voru haldin í Vatnsenda. Keppnishópar félagsins eru farnir að æfa ellefu mánuði á ári á meðan að almenna deildin og yngri iðkendur æfa frá september og út maí.
Árið fer vel af stað og mörg stór verkefni á döfinni sem við hlökkum til að takast á við með okkar frábæru iðkendum, starfsfólki, aðstandendum, sjálfboðaliðum og öðrum velunnurum.
Áfram Gerpla
Olga Bjarnadóttir




## Golfklúbbur Ness

Aðalfundur Golfklúbbs Ness – Nesklúbbsins fyrir starfsárið 2023 var haldinn 27. nóvember síðastliðinn. Lögum félagsins samkvæmt var þar lögð var fram skýrsla stjórnar sem og reikningar sem voru samþykktir samhljóða. Engin breyting varð á stjórn klúbbsins sem er þannig skipuð fyrir árið 2024:
Formaður: Þorsteinn Guðjónsson
Varaformaður, Elsa Nielsen
Ritari, Árni Vilhjálmsson
Ásgeir Bjarnason
Guðrún Valdimarsdóttir
Jóhann Karl Þórisson
Þórkatla Aðalsteinsdóttir
Framkvæmdastjóri er: Haukur Óskarsson

Starfsárið 2023 var heilt gott fyrir Nesklúbbinn. Barna- og unglingastarfið heldur áfram að vaxa og dafna og fer iðkendum í þeim aldursflokki stöðugt fjölgandi, bæði þeim sem sækja reglulegar æfingar hjá klúbbnum og eins þeir krakkar sem koma á sumarnámskeið. Í samstarfi við grunnskólana á Seltjarnarnesi er golf nú orðið val í skólunum. Þannig geta börn 15 ára og yngri valið það að mæta í inniaðstöðu klúbbsins og fengið að kynnast golfíþróttinni. Mæting hefur verið framar vonum og komust t.a.m. færri að en vildu nú á vorönn.
Nesvellir, ný inniaðstaða klúbbsins, fullbúin sex golfhermum ásamt æfingaflöt og frekari æfingabúnaði hefur lyft starfsemi klúbbsins á hærra plan. Nú geta félagsmenn og gestir leikið golf allt árið svo ekki sé talað um félagslega þáttinn þar sem meðlimir koma saman og eiga gæðastund í fullkomnum golfhermum.
Völlurinn bar þess svo sannarlega merki á vormánuðum að veturinn hafði verið kaldur og langur. Þannig voru flatir og brautir ekki eins og þær eiga að sér að vera en þegar leið á sumarið voru vallarstarfsmenn búnir að koma honum í það stand sem hann á að sér að vera í.

Iðkendafjöldi í klúbbnum er nú rétt um 800 og þar fyrir utan voru 150 iðkendur með aukaaðild ásamt því að nú sækja á þriðja hundrað börn og unglingar námskeið og æfingar sem ekki eru inni í þeirri tölu. Klúbburinn er sem fyrr ákaflega eftirsóttur og hefur verið biðlisti í klúbbinn til fjölda ára. Biðlistinn telur ennþá yfir 1000 manns og ljóst að breytinga er þörf af koma á fleiri inn í klúbbinn. Þær breytingar hafa verið lagðar fram til bæjarstjórnar og liggur málið þar en því miður ekki í efstu hillu.

Félagsstarfsemin var í miklum blóma og vour haldin vel á fjórða tug viðburða af öllum stærðum og gerðum fyrir utan hinn daglega rekstur. Fjögur opin mót voru haldin, þar af eitt opið kvennamót en kvennastarf klúbbsins nýtur sem fyrr mikilla vinsælda hjá félagskonum. Meistaramót klúbbsins var haldið dagana 1. – 8. júlí og var þá haldið í 59. sinn. Klúbbmeistari kvenna var Karlotta Einarsdóttir og í karlaflokki var það Magnús Máni Kjærnested sem sigraði.

Einvígið á Nesinu "shoot-out" góðgerðarmótið var haldið í 27. sinn. Mótið nýtur mikilla vinsælda meðal 10 af bestu kylfingum landsins sem og fjölda áhorfenda sem leggja leið sína á Nesvöllinnnog taka þátt í deginum sem nú var leikinn í Þágu félags áhugafólks um um DOWNS einkenni. Mótið í ár var haldið í samstarfi við sjóðstýringarfélagið STEFNIR og sigurvegari Einvígisins var Birgir Björn Magnússon.

Á næsta ári verður Nesklúbburinn 60 ára og verður klúbbnum gert sérstaklega hátt undir á höfði með ýmsum hætti á þessu stórafmælisári klúbbsins.



## Oddur

Stjórn Odds 2023 skipuðu á starfsárinu:
Kári H. Sölmundarson formaður
Berglind Rut Hilmarsdóttir
Giovanna Steinvör Cuda
Auðunn Örn Gylfason
Jón S. Garðarsson
Guðrún Símonardóttir, varamaður
Páll Þórir Pálsson, varamaður

Árið 2023 fagnaði Golfklúbburinn Oddur 30 ára afmæli og árið í heild var viðburðarríkt. Völlurinn kom undan vetri í mjög slæmu ástandi eftir kalt og vindasamt vor á höfuðborgarsvæðinu. Mikil vinna starfsmanna við að koma vellinum af stað sýndi lítinn árangur fyrr en í júlí og í byrjun ágúst héldum við í Golfklúbbnum Oddi glæsilegasta Íslandsmót seinni ára. Áhorf á beina útsendingu frá Íslandsmótinu var það mesta sem verið hefur og framkvæmd RÚV á henni var til fyrirmyndar. Uppsafnað áhorf var um þrjátíuþúsund manns í beinni útsendingu og um fjörutíuþúsund horfðu á í spilara RÚV. Starfsmenn náðu að koma vellinum í frábært stand og sjálfboðaliðar undir stjórn Laufeyjar Sigurðardóttir gerðu upplifun hjá keppendum og áhorfendum af mótinu, eins og best verður á kosið. Eitthvað um eitt þúsund manns voru á svæðinu á lokadegi mótsins. Spennan náði hámarki og úrslitin réðust á lokadegi þegar Ragnhildur Kristinsdóttir og Logi Sigurðsson voru krýndir Íslandsmeistarar. Laufey okkar var svo valin sjálfboðaliði ársins á Golfþingi GSÍ um haustið og er hún vel að því komin.

Innanfélagsstarf og íþróttastarf félagsins var líflegt á árinu og mikil aukning hefur verið í barna og unglingastarfi klúbbsins sem Hrafnhildur Guðjónsdóttir og Auður Björt Skúladóttir hafa leitt áfram. Hjá okkar yngstu iðkendum náðist bikar á Íslandsmóti 12 ára og yngri með sigri í deild sem var gleðilegt og fleiri sveitir náðu á verðlaunapall og öruggt að sigrar verða fleiri á næstu árum með þessu áframhaldi. Hjá eldra keppnisfólki GO náðist góður árangur, Björg Þórarinsdóttir hafnaði í þriðja sæti á Íslandsmóti 65 +, karlalið GO 50+ sigraði Íslandsmót golfklúbba í 2. Deild, Meistaraflokkur kvenna hélt sæti sínu í efstu deild kvenna, Kvennasveit GO 50+ hafnaði í 6. Sæti í efstu deild kvenna og Meistaraflokkur karla átti fínt mót í 2. Deild karla og hafnaði þar í 5. Sæti. Sveitir GO í 65+ náðu ágætum árangri á LEK móti golfklúbba, kvennasveitin hafnaði í 5. Sæti og karlasveitin í 8. Sæti.

Við göngum með bjartsýn inn í nýtt golfár. Með friðlýsingu fólksvangs í Urriðakotshrauni sem hefur verið staðfest er loksins kominn grundvöllur til að fara áfram með stækkunar hugmyndir golfvallarins. Með stækkun má segja að við komumst nærri því að fullnýta möguleika svæðisins til golfiðkunar og að til verði einstakur golfvöllur á heimsmælikvarða, með áherslu á almennan golfleik, aðra útivist, lýðheilsu og náttúru- og menningararf. Með heildarskipulagi svæðisins opnum við það jafnvel enn betur en nú er, fyrir öðru útivistarfólki en kylfingum, með viðbótum við stígakerfi og endurbótum á eldri stígum. Þarna verður því til einstök útivistar- og náttúruperla í þéttbýli sem allir ættu að fagna.

## Pílufélag Kópavogs

Árið 2023 var afar viðburðaríkt hjá PFK. Á 99. ársþingi UMSK í mars var PFK samþykkt sem aðildarfélag innan sambandsins og í kjölfar þess fékk félagið æfingaaðstöðu í íþróttahúsinu Digranesi í Kópavogi. Mikil vinna fór í að setja húsakostinn upp fyrir pílukast en margar hendur komu að og aðstaðan reis hratt og örugglega. Strax um sumarið var farið af stað með skipulagðar barna- og unglingaæfingar en fjöldi iðkenda í yngri flokkum óx jafnt og þétt eftir því sem leið á árið. Á haustönn stóð PFK fyrir fjórum opnum mótum fyrir börn á aldrinum 5-12 ára og átta opnum mótum fyrir ungmenni á aldrinum 10-18 ára. Á haustönn hóf félagið kynningu á pílukasti fyrir unglingastig grunnskóla í Kópavogi þar sem margar pílur komust á gott flug.



Fjölgun félagsmanna PFK var mikil á árinu. Í upphafi árs voru 8 skráðir í félagið en í lok árs voru 50 á skrá og mikil gróska í starfinu. Opin 16 vikna mótaröð var leikin vikulega á haustönn og afreksstarf þróaðist. Margir leikmenn félagsins kepptu á mótum á vegum Íslenska pílukastsambandins og náðu góðum árangri. PFK sendi tvö lið til félagsliðakeppni landssambandsins í nóvember en það er í fyrsta skipti sem PFK sendir tvö lið til keppni og var árangurinn góður. Í lok árs var svo mikið um dýrðir þegar stórmót UMSK og PFK var haldið í húsakynnum félagsins í Digranesi. Þar létu margir af bestu pílukösturum landsins til sín taka og gekk framkvæmd mótsins afskaplega vel.

Það er mikill uppgangur í starfi PFK og margt á döfinni. Þátttaka og samheldni félagsmanna er til fyrirmyndar og áframhaldandi uppbygging og þróun starfsins framundan.

## Skotíþróttafélag Kópavogs

Stjórn 2023
Aðalfundur: 16.02.2023
Formaður: Friðrik Goethe
Varaformaður: Bjarki Þór Kjartansson
Gjaldkeri: Guðrún Sæborg Ólafsdóttir
Ritari: Guðmundur Tryggvi Ólafsson
Meðstjórnandi: Axel Goethe
Varamaður: Sigurður Ingi Jónsson

Starf Skotíþróttafélags Kópavogs hófst aftur á árinu eftir miklar framkvæmdir sem fóru af stað sumarið árið áður við opnunarhátíð sem haldin var í félaginu. á opnunarhátíð félagsins buðum við fulltrúum Kópavogsbæjar og Íþróttaráðs Kópavogs að koma og kynna sér betur starfsemi félagsins og kenndum við bæjarstýrunni meðal annars ólympísta skotfimi.



Keppendur Skotíþróttafélags Kópavogs unnu einnig til margra verðlauna á árinu, innanlands sem utan landssteinanna ásamt því að slá nokkur Íslandsmet. Keppendur Skotíþróttafélags Kópavogs tóku öll 3 verðlauna sætin á Reykjavíkurleikunum í Loftskammbyssu, ásamt því að keppendur félagsins tóku gull í Meistaraflokki, Fyrsta flokki og Drengja flokki á Íslandsmeistaramóti í Loftskammbyssu. Ívar Ragnarsson varð í öðru sæti á Smáþjóðleikum í Möltu í Loftskammbyssu og Jón Þór Sigurðsson endaði í 14 sæti á Heimsmeistaramóti í 300m riffil og 8 sæti á sama móti í 50m riffil.

## Skylmingafélag Seltjarnarnes

Skylmingafélag Seltjarnarness og Skylmingadeild FH eru í samstarfi með Skylmingafélagi Reykjavíkur. Skylmingasamband Íslands sér um samstarfið.

Markmið samstarfsins er að:

- Besta þjálfarateymið
- Fjölga þeim skylmingamönnum (10-18 ára) sem fylgst er með og undirbúa þá fyrirhefðbundnar landsliðsæfingar
- Bjóða upp á einkatíma / tækniþjálfun fyrir unga efnilega skylmingamenn.
- Æfingabúðir á Íslandi

Sameiginlegar æfingar eru haldnar í nýrri og glæsilegri aðstöðu Skylmingafélags Reykjavíkur í Baldurshaga, í Laugardal. Skylmingamiðstöðin (Baldurshagi) er undir aðalstúkunni við Laugardalsvöllinn.

**Vorönn janúar – maí**
**Haustönn september – desember**

**Námskeið í boði:**

- Byrjendur / Framhald 7-14 ára
- Byrjendanámskeið fyrir unglinga og fullorðna
- Afreks- og fullorðinshópur

Guðrún Jóhannsdóttir Formaður Skylmingafélag Seltjarnarness
Nikolay Mateev Formaður Skylmingasamband Íslands



## Stál-úlfur

Aðalfundur félagsins fór fram laugardaginn 22.april 2023 í Kópavogur. Formaður félagsins er Algirdas Slapikas, aðrir stjórnarmenn eru Erikas Milleris, Vytautas Lipskas, Sergej Diatlovic, Romualdas Gecas, Antanas Mazonas og Mindaugas Andrijauskas.

Á vegum félagsins árið 2023 keppti meistarflokkur Stál-úlfs í körfu í 2. deild, tvö blaklið í meistaraflokki karla í Mizuno og 1. deildinni. Þar að auki sendi Stál-úlfur fótboltalið til keppninnar í 40+ aldursflokki 8 ári í röð. Keppnistímabilið 2023 starfaði Stál-úlfur sitt 14 ár.

Körfuboltalið Stál-úlfs tók þátt í 2. deild karla en náði því miður ekki að klára tímabilið vegna mikilla forfalla í leikmannahópi. Æfingar liðsins fóru fram í Kársneskóla þrisvar í viku og voru heimaleikir spilaðir í Fagrilundi.

Eldri flokkur Stál-úlfs í fótbolta tók þátt í Íslandsmóti 40+ deildarinnar en þeim tókst ekki að komast í lokakeppnina að sinni. Æfingar liðsins fóru fram á útivelli við Kórinn á gervigrasvellinum einu sinni í viku.

Að lokum tók blakliðið Stál-úlfs þátt í Mizuno deildinni í annað sinn í haust en samhliða því tefldi Stál-úlfur einnig lið í 1.deild. Æfingar liðsins fóru fram þrisvar í viku, bæði í Fagrilundi og Lindaskóla. Heimaleikir voru spilaðir sömuleiðis í Fagrilundi.

Starfsemi félagsins hefur öll verið unnin í sjálfboðaliðastarfi. Þetta tímabil var fjöldi iðkenda svipaður í knattspyrnu og í körfuknattsleik, enn bætist í blakdeildina.



## Tennisfélag Kópavogs

**Barna og unglingastarf**

Æfingar hjá félaginu voru þétt setnar og haustið 2023 voru unglingahópar fullir. Bæta mætti þátttöku yngsta aldurshópsins en ánægjulegt er að sjá hve vel unglingar haldast í íþróttinni. Sumarstarfið í Tennishöllinni var öflugt, bæði Tennisakademían á vegum TFK og Tennis- og leikjaskólinn gengu vel. Sérstök áhersla var lögð á afreksstarf hjá börnum og unglingum og krökkunum boðið í einkatíma hjá afreksþjálfara TFK.

Nýtt á Íslandi - Padelæfingar fyrir unglinga!

Tennisfélag Kópavogs hóf padelæfingar fyrir unglinga með aðstoð Íþróttasjóðs. Markmiðið er að auka flóru íþrótta og vonandi ná til hóps sem ekki hefur fundið sig í öðrum íþróttum. Padel er félagsleg íþrótt og aðgengileg. Haldnar voru padelkynningar fyrir verkefnið til að kynna unglingum fyrir íþróttinni. Haldin voru padelmót fyrir æfingarhóp TFK mánaðarlega og mikil þátttaka var á mótunum.

**Þjálfarar TFK**

Lítil velta er í þjálförum og vonandi þýðir það að þjálfurum líki vinnan vel enda er starf þjálfarans mikilvægt í að gera æfingar skemmtilegar og uppbyggilegar. Barnaæfingar TFK eru sem áður í umsjón Arnalds Orra Gunnarssonar, Diana Ivancheva, Luis Carrillo Rueda, Milan Kosicky,, Sindra Snæs Svanbergssonar og Milan Kosicky sem er yfirþjálfari TFK en þar að auki bættist Anton Magnusson sem hefur spilað á mótum víðsvegar um heim og komst í 1.591 sæti á ATP heims-styrkleikalista, góð viðbót í þjálfarateymið. Jón Axel Jónsson var afreksþjálfari TFK en hann er með hæstu þjálfunargráðu sem Alþjóðatennissambandið, ITF, býður upp á. Bjarki Sveinsson, Ásta María Armesto Nuevo og Bryndís Rósa Armesto Nuevo sjá um mini-tennis æfingar fyrir yngstu krakkana um helgar.

Skólatennis er líkt og síðustu ár í umsjá Arnalds og Sindra. Skólatennisinn er nú í Snælandsskóla og Smáraskóla en frístund Smáraskóla kemur vikulega í Tennishöllina. Við teljum að hér megi gera betur og fjölga þurfi skólum til að hægt sé að kynna íþróttina fyrir fleiri börnum snemma og vonandi kveikja áhuga til framtíðar hjá einhverjum.

**Mótshald og árangur á mótum**

Fulltrúar TFK sigruðu ýmsa flokka á Íslandsmótum innan- og utanhúss.

**Fullorðinsflokkar:**

Sofia Sóley Jónasdóttir lenti í 2. Sæti í meistaraflokki kvenna á Íslandsmóti innanhúss og Íslandsmóti utanhúss.

Anna Soffía Grönholm og Sofia Sóley Jónasdóttir unnu tvíliðaleik kvenna í Íslandsmóti innanhúss og Íslandsmóti utanhúss. Anna Soffía vann einnig meistaraflokk tvenndarleik í Íslandsmóti utanhúss.

**Barnaflokkar:**

Í barnaflokkum báru iðkendur TFK sigur úr bítum í eftirfarandi flokkum;

**Íslandmót innanhúss:**

U10 börn, U12 strákar Jón Reykdal Snorrason

U12 kvk og U14 kvk Gerður Líf Stefánsdóttir

U14 börn tvíliðaleikur Viktor Freyr Hugason og Ómar Páll Jónasson

U14 kk og U16 kk Ómar Páll Jónasson

U18 kk Daniel Wang Hansen

**Íslandsmót utanhúss:**

U10kk Jón Reykdal

U12kvk Gerður Líf Stefánsdóttir

U16 börn tvíliðaleik Ómar Páll Jónasson ásamt liðsfélaga úr öðru félagi.

## Hörður

Formaður er Margrét Dögg Halldórsdóttir.
Framkvæmdastjóri Rúnar Geir Sigurpálsson.

Vetrarstarfið hófst af krafti í byrjun árs 2023. Kótilettukvöld og árshátíð eru meðal fastra punkta i starfinu og var engin breyting þar á, gamlársreið í Varmadal venju samkvæmt og fleiri skemmtilegum siðum viðhaldið.

Mótahald var allan veturinn í blóma og svo stærri mótin okkar úti er fór að vora, íþróttamót og gæðingamót. Námskeið og fyrirlestrar voru fram að áramótum í boði fyrir félagsmenn. Eftir áramót héldu svo námskeiðin áfram, vetrarmótin okkar voru ágætlega sótt og hér fór fram námskeið og keppni í Gæðingalist, nýrri keppnisgrein. Mjög skemmtilegt verkefni sem vonandi verður framhald á.

Hreinsunardagur var á sínum stað og aðrir hefðbundnir viðburðir í nokkuð föstum skorðum. Fákur kom í heimsókn og við fórum til þeirra. Kvennareiðir voru margar og skemmtilegar og náðu hápunkti í stórum reiðtúr í Mosfellsdal í vor.

Félagshesthús starfaði sitt þriðja tímabil síðasta vetur. 10 börn og unglingar á aldrinum 12 til 16 ára tóku þátt. Hestamannafélagið leigði 9 stíur í Blíðubakkahúsinu og einn nemandi var með hest í öðru hesthúsi. Krakkarnir voru öll með sína eigin hesta. Nathalie Moser var umsjónarmaður félagshesthúss og sá um skipulagið í samstarfi með Sonju Noack. Starfið gekk vel og er í mikilli þróun, við lærum af verkefninu ekki síður en krakkarnir. Aukið samstarf með æskulýðsnefnd og þátttaka félaghúss krakkanna á námskeiðum á vegum félagsins skilaði góðum árangri og þéttir hópinn.




Rekstur reiðhallarinnar gengur vel, eðlilegt viðhald á árinu og nokkrar breytingar gerðar. FMos er með kennslu líkt og áður og námskeiðahald í föstum skorðum. Endurmenntunarnámið Reiðmaðurinn við LBHÍ er stundað í reiðhöllinni frá hausti 2023. Aðgangur félagsmanna með lyklum var í samræmi við fyrri ár.

Félagsheimilið Harðarból var í útleigu venju samkvæmt, húsið er vinsælt til veisluhalda.

Endurbætur standa yfir á keppnisvellinum og hans umhverfi.

Okkar aðal reiðleiðir voru lagfærðar eins og undanfarin ár og lýsing á Tungubakkahring er í sjónmáli.

Benedikt Ólafsson og Viktoría Von Ragnarsdóttir voru kjörin íþróttamaður og íþróttakona Harðar 2022.

Heimsmeistaramót íslenska hestsins fór fram síðasta sumar og var um margt eftirminnilegt fyrir okkur Harðarfélaga, við áttum tvo knapa á mótinu, Aðalheiði Önnu Guðjónsdóttur og Benedikt Ólafsson og erum afar stolt af þeirra frammistöðu. Tryggði Aðalheiður Anna Guðjónsdóttir Íslandi Heimsmeistaratitil með glæsilegri sýningu i flokki fimm vetra hryssna á merinni Ársól frá Sauðanesi. Benedikt keppti í gæðingaskeiði á Leiru-Björk frá Naustum III og hlaut þar gullverðlaun og Heimsmeistaratitil. Hann hlaut þar á ofan Heimsmeistaratitil í samanlögðum fimmgangsgreinum. Einstakt afrek hjá þessum unga knapa sem er til mikillar fyrirmyndar innan vallar sem utan.

Við áttum tvo fulltrúa í hæfileikamótun LH, Oddur Carl Arason og Eydís Ósk Sævarsdóttir stóðu sig þar með sóma og er þetta skemmtilegt starf sem LH stýrir, undirbúningur fyrir keppniskrakka sem stefna hátt. Það komast færri að en vilja í þennan hóp.

Hörður átti tilnefnda tvo frábæra reiðkennara, Súsönnu Sand og Sonju Noack í kosningu um reiðkennara ársins sem menntanefnd LH stóð í fyrir. Í framhaldi var svo kosið um „trainer of the year hjá FEIF, erum við afar hreykin af að hafa átt þarna fulltrúa.

Kynbótanefnd var með hressasta móti í ár, hélt fyrirlestur og sýnikennslu og stýrði svo vali á kynbótahrossi Harðar. Starfið verður ekki síður öflugt á komandi starfsári og gaman að hleypa lífi í þennan hluta félagsstarfsins.

Kynbótahross í eigu félagsmanna sem náðu bestum árangri á kynbótasýningum 2023 voru heiðruð á árshátíð félagsins og þau kynnt.

Nefndir félagsins hafa að venju staðið sig afburða vel og verður seint fullþakkað þeim sem leggja á sig vinnu fyrir félagið í sjálfboðastarfi. Æskulýsnefnd var einkar virk i haust og voru margir viðburðir fyrir unga fólkið okkar þó ekki væru með hestar endilega. Það eykur á samheldni hópsins að gera ýmislegt saman annað en stunda reiðmennsku.

Keppnishópur félagsins sem stefnir á þátttöku á Landsmóti í Reykjavík sumarið 2024 hefur hafið æfingar og hefur verið settur aukinn kraftur í að efla afreksstarf Harðar og halda betur utanum hópinn af börnum, unglingum og ungmennum sem hyggjast keppa fyrir félagið. Hópurinn er samheldinn og duglegur og lítum við björtum augum fram á veginn varðandi æskulýðsstarfið okkar.

Félagið stendur vel fjárhagslega og er rekstur í nokkuð föstum skorðum. Hestamannafélagið Hörður hefur verið fyrirmyndarfélag innan ÍSÍ og þessa og fékk síðastliðið vor endurnýjun þeirrar viðurkenningar.

Hörður mun halda Íslandsmót yngri flokka í hestaíþróttum sumarið 2024 og er mikil tilhlökkun að standa að svo stórri framkvæmd. Mikill metnaður er fyrir að mótið takist vel og verði eftirminnileg upplifun fyrir unga fólkið sem tekur þátt. Samheldni félagsmanna er lykilatriði í svo stóru verkefni og við erum þess fullviss að þetta verði skemmtilegt og Herði og Mosfellsbæ til sóma.





## Breiðablik

Aðalfundur félagsins fór fram 10. Maí 2023
enn að þessu sinni voru engar breytingar,
hvorki á aðalstjórn félagsins né lögum þess.
**Aðalstjórn félagsins skipuðu því áfram:**
Ásgeir Baldurs (formaður), Aðalheiðir María Vigfúsdóttir
Benedikt Sigurðsson, Guðrún Drífa Hólmgeirsdóttir
Pétur Hrafn Sigurðsson, Rakel Ásgeirsdóttir
Þórólfur Heiðar Sigurðsson

Árið 2023 var mjög gjöfult fyrir íþróttastarf Breiðabliks. Iðkendum heldur áfram að fjölga í flestum deildum, íþróttaskóla yngstu barnanna og einnig í leikfimi eldri borgara.
Margir flottir sigrar og afrek unnust á árinu ásamt því að félagið hélt glæsileg mót og viðburði.

Íþróttahátíð Breiðabliks var haldin 10. Janúar 2024 fyrir árangur ársins 2023.
**Viðurkenningar og handhafar þeirra voru eftirfarandi:**
Frjálsíþróttakona - Birna Kristín Kristjánsdóttir
Frjálsíþróttakarl - Guðjón Dunbar Diaquoi
Hjólreiðakona - Björg Hákonardóttir
Hjólreiðakarl - Ingvar Ómarsson
Hlaupakona - Lilja Dögg Stefánsdóttir
Hlaupakarl - Thijs Kreukels
Karatekona - Móey María Sigþórsdóttir
Karatekarl - Samúel Týr Sigþórsson
Knattspyrnukona - Agla María Albertsdóttir
Knattspyrnukarl - Höskuldur Gunnlaugsson
Kraftlyftingarkona - Sóley Margrét Jónsdóttir
Kraftlyftingarkarl - Guðfinnur Snær Magnússon
Körfuknattleikskona - Aníta Rún Árnadóttir
Körfuknattleikskarl - Sölvi Ólason
Skákkarl - Vignir Vatnar Stefánsson
Skíðakarl - Björn Davíðsson
Sundkona - Freyja Birkisdóttir
Sundkarl - Ýmir Chatenay Sölvason
Þríþrautarkona - Ewa Przybyla
Þríþrautarkarl - Sigurður Örn Ragnarsson
*Rafíþrótta- og taekwondodeildin tilnefndu engan í ár ásamt því að skák- og skíðadeildin tilnefndu ekki konu í ár.
Deildarbikar - Kraftlyftingardeildin
Þjálfarabikar - Sigurður Örn Ragnarsson úr þríþrautardeildinni
Afreksbikar - Meistaraflokkur karla í knattspyrnu
Félagsmálabikar - Jón Jóhann Þórðarson
Íþróttakona - Sóley Margrét Jónsdóttir úr kraftlyftingardeildinni
Íþróttakarl - Vignir Vantar Stefánsson úr skákdeildinni

Nokkrum dögum seinna var Vignir Vatnar svo kjörin Íþróttakarl Kópavogs. Vignir var kjörin úr glæsilegum hópi fimm kvenna og fimm karla en af því mikla afreksfólki voru fjórir Blikar til viðbótar. Hinir fjórir Blikarnir sem einnig voru tilnefndir til Íþróttakonu og – karls Kópavogs voru: Birna Kristín Kristjánsdóttir úr frjálsíþróttadeildinni, Ingvar Ómarsson úr hjólreiðadeildinni, Sóley Margrét Jónsdóttir úr kraftlyftingardeildinni og Sigurður Örn Ragnarsson úr þríþrautardeildinni.
Rúsínan í pylsuendanum var svo kjörið á Flokki ársins 2023 en þar bar Meistaraflokkur Breiðabliks í knattspyrnu karla sigur úr býtum annað árið í röð, að þessu sinni fyrir að komast lengra í evrópukeppni en nokkurt annað karlalið hefur gert í íslenskri knattspyrnusögu.

## HK

Árið 2023 var viðburðarríkt og fjölbreytt hjá HK bæði innan vallar sem utan. Árnína Steinunn Kristjánsdóttir tók við sem formaður HK en hún tók við keflinu af Pétri Magnússyni. Starfið blómstraði sem aldrei fyrr og framúrskarandi árangur hjá öllum deildum HK.
Borðtennisdeild HK tók þátt í Evrópukeppni Ettu trophy í fyrsta sinn í sögu deildarinnar en keppnin fór fram í Lettlandi. Lið HK skipuðu Björgvin Ingi Ólafsson, Óskar Agnarsson og Örn Þórðarson auk Bjarna Þ. Bjarnasonar þjálfara. Darian Adam Róbertsson fékk silfur bæði í einliða og tvíliðaleik á Íslandsmótinu í flokki 16-18 ára. Hákon Atli Bjarkason var mjög sigursæll á síðasta ári og vann alla titla sem í boði voru á Íslandsmóti ÍF. Magnús Guðjónsson varð annar í sínum flokki og var valinn til að keppa fyrir Íslands hönd á Heimsleikum Special Olympics þar sem hann vann gull og silfur verðlaun . HK hampaði einnig þremur titlum á Íslandsmóti öldunga.
Bandýdeild HK hefur haldið úti öflugu starfi í vetur, mikil fjölgun hefur verið í deildinni og árangurinn eftir því. Íþróttakona bandýdeildar HK var Katrín Magdalena Haig Konráðsdóttir. HK hefur átt marga landsliðsmenn í ár, en íslenska karlalandsliðið fór til Lettlands til þátttöku í undankeppni HM og spilaði meðal annars líka við landslið Kanada. HK hefur átt bæði keppendur og þjálfara í landsliðsverkefnum á síðasta ári. Bandýdeildin HK var



jafnframt með opna nýliðatíma fyrir konur og karla og hvetjum við alla til að koma og prófa bandý.
Dansárið hjá HK hefur verið mjög gott og margir sigrar hafa náðst á árinu. Dansdeildin sendi keppendur á margar keppnir bæði innan lands og utan. HK hefur meðal annars átt keppendur á evrópumeistaramóti ungmenna, HM ungmenna, heimsmeistaramóti fullorðinna í Kína og Shining Star Cup. Öflugt og metnaðarfullt starf sem dansdeild HK heldur úti og það sést glögglega á árangri iðkenda.
Dancing nights var haldið í London dagana 23. -24.
september og æfingabúðir voru haldnar þar þann 2
Hjá knattspyrnudeild HK eru um 900 iðkendur og 40 þjálfarar, ásamt öflugum sjálfboðaliðum og starfsfólki. Knattpyrnuárið gekk heilt yfir mjög vel og er að nægu að taka. Stæðsti viðburður knattspyrnudeildarinnar er án efa yngri flokkamót sem haldið árlega og hefur fest sig rækilega í sess. Þar mætast fjöldinn allur af hressum og efnilegum krökkum í Kórnum og má með sanni segja að framtíðin er björt. Meistaraflokkur karla náði að halda sér uppi í Bestu deildinni og meistaraflokkur kvenna rétt missti af sæti í Bestu deildinni. Framtíðin er svo sannarlega björt hjá knattspyrnufólki HK.

Meistaraflokkur karla í handbolta stóðu í ströngu í Grill 66 deild karla og unnu hana nokkuð örugglega og komust upp um deild. Baráttan er hörð í Olísdeildinni um að halda sínu sæti fyrir næsta tímabil. Meistaraflokkur kvenna spiluðu í Olísdeildinni og áttu erfitt tímabil, með ungt og óreynt lið og féllu því miður í Grill 66 deildina en eru staðráðnar að koma sér aftur upp í Olisdeildina fyrir næsta tímabil. HK er stærsta félag á landinu þegar kemur að yngri flokkum í handbolta og tefla fram mörgum liðum í hverjum flokki. Árangurinn var góður og komust mörg lið nálægt því að vinna titla en 3.flokkur kvenna og 5.kvenna yngri hömpuðu bikarmeistaratitlum.

HK hefur haldið úti öflugu starfi í blaki líkt og undanfarin ár. Iðkendafjöldi deildarinnar hafur haldist stöðugur og telja iðkendur um 230. Blakdeild HK átti marga fulltrúa í landsliðsverkefnum á árinu og hafa þeir staðið sig með stakri prýði og verið HK til mikils sóma. Kvennalið HK urðu meistarar meistaranna eftir hörku sigur í æsispennandi leik á móti KA. Þar voru nokkrir ungir og efnilegir leikmenn að bætast í hópinn úr yngri flokka starfinu. HK átti mörg lið í Íslandsmótinu en þar ber að nefna lið HK í 4. deild þar sem þær gerðu sér lítið fyrir og tóku 1. sætið í deildinni.



## Íþróttafélag aldraðra í Kópavogi

**Stjórn ÍAK 2022:**

Hörður Þorleifsson formaður, Margrét Loftsdóttir gjaldkeri, Ragna Guðvarðardóttir ritari.

Aðalfundur fyrir árið 2023 verður haldinn síðast í maí eða í aprílbyrjun. Þá verður kosin ný stjórn.

Starfsemi Íþróttafélags aldraðra í Kópavogi gekk vel á árinu 2023. Iðkendur að jafnaði eru um 30 en u.þ.b. 20 til viðbótar eru á skrá hjá okkur og koma stundum. ATH. Flest allir eru á aldrinum 80-90+.
Margir félagar, sem ekki höfðu treyst sér til að vera með meðan á covid ástandinu stóð, skiluðu sér til baka og nýjir bættust sömu leiðis við.
Hópurinn æfir 2 x í viku frá byrjun september til loka maí.
Kennari okkar í a.m.k. 12- 15 ár var Fannar Karvel Steindórsson íþróttafræðingur en í upphafi ársins tók við nýr kennari, þ.e. Vilhjálmur Þór Þóruson íþróttafræðingur.
Við erum afar ánægð með nýja kennarann og æfingar hans sem fara fram í lotum með smá hvíld á milli. Við finnum sjálf framfarirnar.
Við höfum frá upphafi haft aðstöðu fyrir æfingarnar í sal á neðri hæð Digraneskirkju og erum þakklát henni fyrir góðan stuðning.
Fyrir hönd stjórnar, Margrét Loftsdóttir

## Grótta

Íþróttafélagið Grótta hélt aðalfund fimmtudaginn 27. apríl 2023. Eftirfarandi aðilar skipuðu stjórn félagins á tímabilinu: Þröstur Þór Guðmundsson formaður, Ragnar Rafnsson gjaldkeri, Anna Björg Erlingsdóttir varaformaður, Kristinn Þorvaldsson meðstjórnandi og Svala Sigurðardóttir meðstjórnandi.

Hjá Íþróttafélaginu Gróttu eru starfsrækar þrjár deildir fimleikadeild, handknattleiksdeild og knattspyrnudeild og var árið 2023 viðburðaríkt hjá þeim. Þátttakan í starfinu var almennt góð og félagið hélt nokkur vel heppnuð mót. Grótta tók yfir umsjón sumarnámskeiða sem Seltjarnarnesbær sá áður um og gekk það vel. Félagið byrjaði með vel heppnað verkefni, eldri borgara göngu, í samstarfi við félag eldri borgara á Seltjarnarnesi. Kjör íþróttafólks Gróttu fór fram í febrúar þar sem Einar Baldvin Baldvinsson markmaður í handknattleiksdeild var kjörin íþróttamaður Gróttu og fimleikakonan Freyja Hannesdóttir var kjörin íþróttakona Gróttu annað árið í röð.

Góður árangur náðist hjá fimleikadeildinni í ár en þar má nefna að lið Gróttu í áhaldafimleikum varð bikarmeistarar í 2. Þrepi og Eldey Erla Hauksdóttir var Íslandsmeistari í 2. Þrepi. Einnig náðist góður árangur hjá 1. flokki í hópfimleikum en liðið endaði í 2. sæti á bikarmótinu og 3. sæti á Íslandsmóti. Fimleikadeildin hélt tvö stór og vel heppnuð mót á árinu, Ofurhetjumótið og vormót í hópfimleikum og stökkfimi. Fimleikadeildin hefur haldið áfram að stækka og var fjölmennari í ár en nokkru sinni.

Vorið 2023 endaði meistaraflokkur karla í handknattleiksdeild í 9.sæti Olísdeildarinnar og var hársbreidd frá því að komast í úrslitakeppnina eftirsóknarverðu. Meistaraflokkur kvenna endaði í 3.sæti Grill 66-deildarinnar en tapaði í hörku einvígi við ÍR um að komast upp í Olísdeildina. Ungmennalið Gróttu leikur í 2.deild Íslandsmótsins og endaði síðastliðið vor í 5.sæti deildarinnar. Starf yngri flokka deildarinnar er í frábærum málum og hefur krökkum sem og iðkendum handbolta hjá félaginu fjölgað mikið á seinustu mánuðum.

Meistaraflokkur kvenna í knattspyrnu endaði í 4. sæti Lengjudeildar, eftir að hafa leikið hreinan úrslitaleik um sæti í efstu deild. Þetta er besti árangur liðsins frá upphafi. Meistaraflokkur karla endaði í 9. sæti og tryggði áframhaldandi veru sína í Lengjudeild og þar með stöðugleiki tryggður. Yngri flokkarnir í knattspyrnu náðu einnig góðum árangri og við erum ánægð með áframhaldandi fjölgun iðkenda í barna- og unglingastarfi.





Aðalfundur Aftureldingar fór fram 27. Apríl 2023.
**Aðalstjórn félagsins 2023 – 2024:**
Birna Kristín Jónsdóttir, fomaður
Hrafn Ingvarsson, varaformaður
Sigurður Rúnar Magnússon, gjaldkeri
Geirarður Þórir Long, ritari
Hildur Pála Gunnarsdóttir, meðstjórnandi
Inga Hallsteinsdóttir, meðstjórnandi
Reynir Ingi Árnason, meðstjórnandi

**Helsu viðburðir úr starfi félagsins 2023:**

Uppskeran er alltaf skemmtilegasta stundi í lífi hvers íþróttamanns og okkar sem standa á hliðarlínunni og eins og alltaf vorum við með fullt af frammúrskarandi iðkendum sem slóust um titilinn íþróttamaður og íþróttakona Aftureldingar. Við í Aftureldingu erum með nefnd sem hefur faglega hæfni til þess að sinna því erfiða verkefni að velja úr tilnefningum deilda um íþróttfólk ársins en í nefndinni sitja Hanna Björk Halldórsdóttir íþróttafulltrúi félagsins, Geirarður Long sem fulltrúi aðalstjórnar og Gunnar Birgisson faglegur ráðgjafi.

Íþróttamaður ársins var valinn Þorsteinn Leó Gunnarsson handknattleiksmaður. Þorsteinn Leó er uppalinn hjá Aftureldingu og hefur spilað allan sinn feril hér í Mosfellsbæ. Hann spilaði stórt hlutverk þegar mfl. karla varð bikarmeistari 2023. Þorsteinn var valinn í A-landslið karla á árinu og lék samtals 3 leiki með liðinu.

Íþróttakona Aftureldingar var valin Katrín Helga Davíðsdóttir handknattleikskona. Katrín Helga hefur æft og spilað handbolta með Aftureldingu allt frá 7. flokki og með meistaraflokki frá unglingsaldri. Hún hefur leikið stórt hlutverk í uppbyggingu liðsins síðustu ár, þar sem aðal markmiðið er að festa það í sessi í efstu deild.

Hefð er fyrir því að velja vinnuþjark félagsins, sem kemur úr röðum sjálfboðaliða. Að þessu sinni var valinn Raggi Óla, Raggi á stóran þátt í að skrásetja sögu félagsins með myndatöku á viðburðum. Þjálfarar ársins voru Magnús Már Einarsson og Enes Cocic, þjálfarar Mfl. kk í knattspyrnu. Afrek

ársins var að sjálfsögðu framlag Gunnars Magnússonar og hans teymis til bikarmeistaratitilsins í handbolta.

Stöðugleiki einkennir fjölda iðkenda. Knattspyrnudeildin er stærst deilda með um 33% iðkenda, þá kemur fimleikadeildin með 23% og handknattleiksdeildin með 15%. Aðrar deildir eru fámennari. Samtals voru um áramót iðkendur 1.736 á aldrinum 4 – 19 ára í 11 deildum.
Birna Kristín Jónsdóttir, formaður Aftureldingar.



## Tækavandow félag Kópavogs

Árið 2023 var frá upphafi helgað þeim tilgangi að rétta úr kútnum eftir Covid faraldurinn. Nemendum fækkaði um helming en hægt og rólega er að fjölga aftur. Ljóst er að enn vantar 30-40% fleiri iðkendur til að félagið komist á svipaðan stað og fyrir Covid. Unnið er að því öllum árum að ná þeim markmiðum. Helst er horft á fjölgun í yngstu flokkunum, Risum 1 og 2 en þar hefur fjölgunin verið nokkur og meiri en í öðrum flokkum. Einnig hefur orðið fjölgun í hefðbundnum fullorðnum iðkendum. Í keppnisflokkum er enn talsverð stöðnun og gengur hægar að fá fleiri iðkendur.

Árangur keppnisflokka var samt sem áður viðunandi að mörgu leyti. Við vörðum Íslandsmeistaratitilinn í Poomsae (form) með mun færri keppendur en áður og er það vel. Hinsvegar misstum við titilinn í Kyorugi (bardagi) og er greinilegt að sá flokkur hefur misst flugið á síðustu misserum. Til að rétta úr kútnum þarf fyrst að fá fleiri iðkendur til að skrá sig í keppnisflokkinn í bardaga og því næst að auka æfingaálagið og mótaþátttöku. Við stefnum á að ná vopnum okkar aftur á næstu 2-3 árum.

Á árinu sóttu fjölmargir iðkendur okkar kennaranámskeið á vegum Taekwondo Akademíunnar. Mikill og greinilegur munur hefur orðið á störfum aðstoðarmanna og kennara eftir það og mun TKO leggja mikinn metnað í menntun kennaranna sinna í framtíðinni.



## UMFÁ

Aðalfundur UMFÁ var haldinn 15.maí 2023 í golfskála GÁ.
**Eftirfarandi einstaklingar voru kjörnir í stjórn:**
Guðjón Þorsteinsson, formaður, Einar Georgsson, Kristján Jón Jónatansson, Brjánn Guðjónsson, Óskar Alfreðsson ,Sveinborg Lovísa Hauksdóttir, Linda Björk Thorlacius.

Ungmennafélag Álftaness er með 5 deildir starfræktar, þ.e. knattspyrnu-, körfuknattleiks-, blak-, soobahkdo- og almenningsíþróttadeild.
Knattspyrnudeildin er sem fyrr stærsta deildin. Meistaraflokkur karla spilaði í 4.deild síðasta sumar og meistaraflokkur kvenna í 2.deild. Stjarnan og Álftanes eru í öflugu samstarfi í kvennaboltanum og hefur það gefið mjög góða raun. Í gegnum þetta samstarf hefur myndast traustur tröppugangur sem gefur iðkendum möguleika á að finna verkefni við hæfi á öllum getustigum fótboltans.
Körfuboltinn er í mikilli sókn hjá félaginu. Yngri flokka starfið er að springa út og hefur orðið mikil fjölgun á iðkendum. Meistarflokkur karla náði þeim frábæra árangri að vinna 1.deildina og tryggja sér sæti í efstu deild í fyrsta sinn. Framganga liðsins hefur vakið verðskuldaða athygli og hafa íbúar á Álftanesinu verið duglegir að styðja við bakið á þeim.
Blakdeild UMFÁ tók yfir allt blakstarf í Garðabænum haustið 2018. Álftanes er með lið í efstu deild kvenna auk þess að vera með 5 lið í neðri deildum. Félagið byrjaði með yngri flokka starf í blaki haustið 2019 og hefur iðkendum fjölgað jafnt og þétt undanfarin ár.
Félagið býður upp á Íþróttaskóla barnanna en þar geta börn á leikskólaaldri stundað alhliða hreyfinám undir handleiðslu íþróttafræðinga.
Starf hlaupahópsins er öflugt á Álftanesinu. Forsvarsmenn hópsins hafa aðstoðað nýliða við að komast af stað í skokkinu og fer hópurinn stækkandi með hverju árinu.
Á haustmánuðum 2015 byrjaði félagið að bjóða upp á æfingar í taekwondo og soo bahk do. Þátttakan hefur verið góð, bæði hjá börnum og fullorðnum og ljóst að íþróttagreinin er komin til að vera.

Barna- og unglingaráðin í fótboltanum hafa staðið fyrir fjölskylduhátíð undanfarin tvö ár sem kallast Forsetabikarinn. Hátíðin hefur verið einstaklega vel sótt enda fjölbreytt dagskrá í boði fyrir börn og fullorðna.



## GKG

GKG lauk sínu 30. starfsári GKG sem var á margan hátt ágætt hjá okkur í klúbbnum. Þrátt fyrir mikla seinkun við opnun vallanna síðastliðið vor, náðist að leika álíka marga hringi og síðustu árin. Við fengum flest þau veðrabrigði sem þekkjast á hérlendis, kaldan vetur sem og kalt og þurrt vor sem náði fram í lok júní. Meistaramót var síðan haldið í upphafi júlímánaðar í fádæma blíðu enda árangurinn eftir því hjá flestum keppendum á mótinu. Veðráttan hafði hins vegar slæm áhrif á ástand vallanna og fór mikil vinna og fjármagn í að koma flötum og teigum í sem best stand fyrir kylfinga eftir því sem leið á sumarið/haustið.

**Stjórnarstörf**

Stjórn GKG hélt 10 stjórnarfundi á árinu, en í upphafi árs setti hún sér starfsáætlun sem miðaði að því að auk fastra dagskrárliða, yrðu ákveðin þemaefni á hverjum stjórnarfundi þar sem rætt væri nánar um það sem helst væri á baugi í þeim málaflokkum. Rýnt var í íþróttamálin og afreksstarfið, mótamál og fleira og svo eitthvað sé nefnt. Stjórnin samþykkti á miðju ári að fara í endurskoðun á stefnu klúbbsins með það að markmiði að skerpa á áherslum sem og samskiptaleiðum innan sem utan félagsins. Leitað var til ráðgjafarfyrirtækisins Expectus í því sambandi. Fyrsti hluti þeirrar vinnu fór fram fyrr í mánuðinum með 2ja daga úrbótafundi, sem miðaði m.a. að því að gera úttekt á íþróttamálum innan klúbbsins. Á fundinum voru lykilstarfsmenn skrifstofunnar, þjálfarar, íþróttanefnd klúbbsins, fulltrúar afrekskylfinga og foreldraráð. Verið er að vinna úr niðurstöðum sem munu væntanlega raungerast í endurskoðuðum markmiðum og stefnu GKG.

**Félagar í GKG- mikilvægi lýðheilsustarfs**

Í ár voru 2.350 kylfingar skráðir í GKG sem er fjölgun um 46 á milli ára. Auk þess sóttu 280 börn golfleikjanámskeiðin þannig að heildarfjöldi meðlima er 2.630. Nokkur fjölgun er í hópi eldri kylfinga en þeim fjölgaði um 57 og eru 347 talsins. Það kemur ekki á óvart þar sem öldungastarfið okkar er með eindæmum gott. Á móti kemur að einhver fækkun var í barna- og unglingastarfinu, það er þróun sem við viljum vinda ofan af.

Aldurshópar GKG skiptast með eftirfarandi hætti; börn og unglingar eru 663, á aldursbilinu 19 til 25 eru 181 aðili, hinn almenni kylfingur á aldursbilinu 26 til 69 ára telur 1.439 meðlimi og ellismellirnir eru eins og að framan er getið 347 talsins. GKG er því sannarlega lýðheilsustofnun allrar fjölskyldunnar og eftir að Íþróttamiðstöðin reis nýta þessir kylfingar þjónustu okkar allan ársins hring. Mikilvægi GKG í nær-samfélaginu er því gríðarlega mikilvægt. Við erum uppeldisstofnun barna- og unglinga. Hinn almenni félagsmaður sækir sér hreyfingu til okkar og síðast en ekki síst er stór hópur eldri borgara sem sinnir ekki bara hreyfingu heldur sækir félagskap sín á milli, margir hverjir á hverjum einasta degi allt árið umkring. Í starfinu blandast þessir aldurshópar saman, afar, ömmur, foreldrar, börn og barnabörn spila saman íþróttina sumar vetur vor og haust.

**Íþróttastarfið**

Þegar GKG var stofnað fyrir 30 árum síðan var það markmið stofnfélaga að GKG hefði þá sérstöðu umfram aðra golfklúbba að höfuðáherslan yrði lögð á íþróttastarfið. Sú áhersla hefur haldið í gegnum áratugina þrjá og það er óhætt að segja að nýliðið keppnistímabil hafi verið einstaklega gjöfult hvað varðar árangur okkar afrekskylfinga, en alls komu 12 Íslandsmeistaratitlar á land!

Svona árangur gerist ekki af sjálfu sér og má nefna nokkra þætti sem skipta veigamestu máli:

- Áhugi, ástundun og metnaður kylfinganna sjálfra.
- Markvisst barna-, unglinga- og afreksstarf GKG
- Frábærir þjálfarar
- Góð umgjörð og aðstaða til æfinga, ekki síst Trackman hermarnir sem hafa lyft vetrarstarfinu á hærra plan en þekkst hefur.

Óskum við þessum aðilum sem og GKG-ingum öllum innilega til hamingju með árangurinn. Listi yfir Íslandsmeistarana má finna í kaflanum um íþróttamálin.

**Vellir og mannvirki**

Stóru verkefnin framundan varðandi á félagssvæði GKG eru uppbygging á 9 holu golfvelli í stað Mýrarinnar og bygging á nýrri þjónustumiðstöð fyrir golfvellina. Vinna við deiliskipulag Hnoðraholtsins sem og nánasta umhverfi Golfvallarsvæðisins hefur því miður dregist sem og þrengt hefur að fjárhag sveitarfélaganna síðustu ár.

Ég vil trúa því að þau mál fari að leysast og fái farsælan endi fyrir okkur í GKG og vil í því sambandi vitna í orð forvera míns Guðmundar Oddssonar í síðasta ársriti GKG, þegar hann taldi að „það sem ráðið hafi mestu um alla þá miklu uppbyggingu sem orðið hefur í starfsemi GKG, væri aðkoma beggja sveitarfélaganna, Kópavogs og Garðabæjar. Það hefur verið gæfa GKG alla tíð að hafa haft framsýnt fólk í báðum sveitarfélögunum, sem gerði sér strax grein fyrir mikilvægi þessarar starfsemi og hafa stutt vel við bakið á okkur".

**Fjármálin**

Það er mikilvægt að rekstur GKG gangi vel og skili hagnaði sem nýttur er til fjárfestinga í völlum, tækjum og aðstöðu. Árið í ár var einstaklega gott rekstrarlega séð. Rekstrartekjur voru 456 milljónir og jukust um tæpar 35 milljónir á milli ára. Rekstrargjöldin eru 401 milljónir og EBITDA hagnaður var því 54 milljónir samanborið við 63 milljónir árinu á undan. EBITDA hagnaðurinn er nýttur til að greiða niður lán og fjárfestingar. GKG fer ekki varhluta af því frekar en aðrir sem skulda að vaxtakostnaður hefur hækkað umtalsvert og greiðslubyrði lána GKG aukast úr 15 milljónum á ári upp í 20 milljónir. Gera má ráð fyrir enn meiri hækkun á næsta ári. Þær 34 milljónir sem eftir standa nýttum við í fjárfestingar í vélum fyrir vellina okkar og framkvæmdir. Þar sem klúbburinn hefur verið vel rekinn undanfarin ár þá höfum við getað endurnýjað vélakostinn okkar með eðlilegum hætti. Eins og að framan er getið, þá er bygging þjónustumiðstöðvar golfvalla framundan. Þrátt fyrir sterka stöðu þá er lítið rúm til frekari fjárfestinga og því hefur GKG enga burði til að fjármagna þá byggingu öðru vísi en með verulegri aðkomu sveitafélaganna.

**Mikilvægi golfíþróttarinnar**

Golfíþróttin er ein allra mikilvægasta íþróttin þegar kemur að bættri lýðheilsu íbúa þess lands. Í rannsókn sem gerð var á árunum 2004 og 2008 af vísindamönnum við Karolínska sjúkrahúsið í Solna í Stokkhólmi komu fram mjög áhugaverðar niðurstöður um að „þeir sem stunda golfíþróttina lifa að meðaltali 5 árum lengur" en þeir sem ekki stunda golf.

Því eigum við GKG-ingar að horfa björtum augum til næstu ára með tilhlökkun um bætta aðstöðu með bros á vör.





## KFG

KFG sendi lið í meistaraflokki karla í knattspyrnu til keppni í öllum mótum KSÍ árið 2023.

2.deild karla í íslandsmóti, mjólkurbikar, lengjubikar og hið nýstofnaða mót þar sem keppt er í bikarkeppni neðri deilda, fotbolta.net bikarnum.

Teflt var fram liði með sama kjarna og fyrri tímabil með hugsjónir KFG að leiðarljósi, að vera vettvangur fyrir knattspyrnumenn innan garðabæjar til að spila knattspyrnu við eins góðar aðstæður og umgjörð og mögulegt er.

Á íslandsmóti ferðaðist liðið landshluta á milli og átti þar yfirleitt góðu gengi að fagna. Framan af móti leiddi liðið 2.deild en á seinni hlutanum fataðist flugið og varð 8 sætið okkar hlutskipti þetta tímabilið. Það er besti árangur KFG í deildarkeppni frá stofnun félagsins.

Hápunkti tímabilsins var svo náð þegar liðið vann sér inn réttinn til að spila til úrslita í fótbolta.net bikarnum. Úrslitaleikurinn var haldinn á Laugardalsvelli þann 29 september. Þar fjölmenntu stuðningsmenn og velunnarar félagsins sem bjuggu til einstakar minningar fyrir alla sem koma að félaginu.

Eftir tímabil urðu svo kaflaskil þegar þjálfarar til síðustu 8 ára, þeir Björn og Kristján Mássynir sögðu starfi sínu lausu og réð félagið þá Veigar Pál Gunnarsson sem þjálfara til næstu tveggja tímabila. Félagið hefur aldrei fundið fyrir jafn miklum meðbyr og á síðasta tímabili og fara allir sem að því standa með miklar væntingar um áframhaldandandi stemmningu og almenna gleði á knattspyrnuvellinum inn í komandi tímabil.

Með kveðju, Sindri Rósenkranz Formaður KFG

## MotoMos

Á árinu 2023 var áframhaldandi vinna við viðhald og uppbyggingu aðstöðu og motocrossbrautar. Haldin voru námskeið fyrir byrjendur og lengra komna og var þáttaka mjög góð. Snemma á árinu varð ljóst að okkur var falið að halda 4 umferð Íslandsmótsins í



motocross og miðaðist vinna við brautina svolítið út á að undirbúa Íslandsmót.
Ljóst var að mikla vinnu þurfti til undirbúa svæðið til mótshalds og var meðal annars rúmlega 2000 rúmmetrum af leirefni ekið í brautina til að auka enn á öryggi iðkenda og keppenda. Svæðið í kring var einnig lagað heilmikið til fegrunar og aukins öryggis. Kom þar verktakafyrirtkið Berg verktakar okkur til liðsinnis með því að lána tæki og tól svo þetta mundi allt ganga upp.
Áframhaldandi vinna með Mosfellbæ hélt áfram til að styrkja samband milli Mosfellsbæjar og klúbbsins og er sú vinna vel á veg komin.

**Þau atriði sem stóðu helst uppúr á árinu 2023 eru eftirfarandi:**

1. Vinna við braut, efnisflutningar og breytingar á brautarstæði.
2. Lagfæringar á umhverfi brautarinnar til að gera enn meira aðgengi fyrir áhorfendur og betri aðstöðu fyrir iðkendur.
3. Klúbbhús lagað, málað, filmur settar í glugga og fl.
4. Námskeið sem voru haldin fyrir yngri iðkendur og byrjendur og var þáttaka mjög góð.
5. umferð Íslandsmótsins haldið 12 ágúst.

Þann 12 ágúst var 4. Umferð íslandsmótsins í motogross haldin hjá Motomos. Þáttakendur voru um 80 og rúmlega 200 áhorfendur sem litu við hjáokkur yfir daginn. Keppnin var sú glæsilegasta og var almennt álit þáttakenda að þetta hafi verið með flottustu keppnum sem þeir hafi keppt á.

Í ljósi mikillar ánægju með mótið 2023 hefur verið ákveðið að halda síðasta mót í Íslandsmótaröðinni á árinu 2024 þann 31. ágúst í Motomos og erum við mjög spennt fyrir því að nýjir Íslandsmeistarar verði krýndir hjá okkur.

Með fyrirfram þökk.
Motomos



## Glóð

Aðalfundur var haldinn 8. febrúar 2023
**Í stjórn voru kosnir:**
Margrét Björnsdóttir, formaður
Þórdís Guðrún Bjarnadóttir, Vilborg Guðmundsdóttir
Sigríður Björnsdóttir, Páll Þorsteinsson
**Varamenn:**
Smári Björgvinsson, Kjartan Sigurgeirsson
**Skoðunarmenn:**
Sigríður Bjarnadóttir, Kristján Leifsson

Félagið verður 20 ára þann 24. október 2024. Ákveðið hefur verið að halda upp á afmælið og kjósa afmælisnefnd á næsta aðalfundi.

Nýir bolir voru keyptir fyrir landsmót 50+ í Stykkishólmi sumarið 2023. Bolirnir eru svartir með lógói Glóðar að framan, mjög fallegir. Félagið fjármagnaði kaupin.

Ritun sögu UMSK vegna 100 ára afmælis UMSK var loksins kláruð í haust.
99. ársþing UMSK var haldið 28. mars 2023 í sal Golfklúbbsins Odds á Urriðavelli. Glóð átti rétt á einum fulltrúa og mætti Margrét formaður sem fulltrúi Glóðar.
Þá var einnig 76. Íþróttaþing ÍSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni Ásvöllum, Hafnarfirði 5. og 6. maí 2023. Þar á UMSK rétt á þó nokkrum fulltrúum til setu á þinginu og var Margrét formaður einn af fulltrúum.

Sambandsþing UMFÍ var haldið á Hótel Geysi í Haukadal í október 2023.
Glóð lagði fram drög að tillögu til stjórnar UMSK sem fór fyrir þingið og hljóðar svo;
**„Heilsuefling eldri borgara, tillaga frá stjórn UMSK** 53. Sambandsþing UMFÍ, haldið á Geysi í Haukadal dagana 20.-22. október 2023, skorar á sveitarfélög að styðja myndarlega við heilsueflingu eldri borgara í samstarfi við íþróttahreyfinguna og nýta þá þekkingu sem er til staðar þar. Hreyfing eldri borgara er mikilvægur þáttur í baráttunni fyrir bættri heilsu og því mikilvægt að vel sé að honum staðið“.

**Ringó vetur og vor 2023**
Ringóæfingar hófust í janúar og héldum úti æfingum tvisvar í viku, á þriðjudögum kl. 16.00-17.00 í Íþróttahúsi Lindaskóla og á fimmtudögum kl. 15.00-16.00 í Íþróttahúsi Kópavogsskóla fram að sumarlokun íþróttahúsa. Þátttaka var með eindæmum góð þennan vetur og bættust nokkrir flottir nýir félagar við hópinn.
Ringómót, keppnismót eru nokkur á ári
Á Hvolsvelli 30. apríl, á Hvammstanga 14. október og í Fagralundi í Kópavogi 19. nóvember.

Landsmót UMFÍ 50+ var haldið í Stykkishólmi dagana 23.-25.júní 2023.
Það voru tvö ringólið sem mættu frá Glóð, alls átta manns, gekk ekki eins vel og á síðasta landsmóti þegar Glóð nældi sér í gullið.
Eins og vanalega greiddi Glóð þátttökugjald þeirra félaga sem mættu á mótið.

**Pútt sumar 2023**
Á sumrin hefur Glóð til afnota 18 holu púttvöll í Kópavogsdal. Púttæfingar eru frá júní og út ágúst tvisvar í viku, á þriðju- og fimmtudögum kl. 11:00-12:00 eins og síðustu sumur. Þátttaka var nokkuð góð framan af.

**Ringó haust 2023**
Ringóæfingar á haustönn byrjuðu fyrst í september og var spilað tvisvar í viku fram að jólafríi. Mæting á æfingar var mjög góð og enn bættust góðir félagar í hópinn.

Félagið flytur inn ringóhringi frá Póllandi og er **eingöngu hægt að kaupa þá hjá Glóð.**
Hringirnir þurfa að vera löglegir; stærð, þykkt, þyngd, stærð gatsins í miðjunni og rétt efni.
Glóð selur hringinn á 2.200 krónur sem er ekki mikill gróði, tollaðir og heim komnir.
Fjárhagsstaða félagsins er með ágætum.
Á félagsskrá Glóðar eru nú 75 félagar og hefur meðalaldurinn töluvert lækkað síðustu ár.

Margrét Björnsdóttir, Formaður Íþróttafélagsins Glóðar

## Golfklúbbur Mosfellsbæjar

Rekstur GM gekk vel á árinu líkt og undanfarin ár. Þó hefur verðbólga og hækkanir á aðföngum á árinu haft þau áhrif að rekstrarkostnaður er hærri og afborganir á langtímalánum hafa aukist. Þessar hækkanir gera það að verkum að niðurstaða ársins er rekstrartap upp á rúmar 8 milljónir. Reksturinn er þó stöðugur og góður og hreint veltufé frá rekstri er rétt tæpar 45 milljónir króna. Umsvif GM hafa aukist umtalsvert síðastliðin tvö ár, þessari aukningu fylgir einnigumtalsvert meiri vinna fyrir okkar starfsmenn og höfum við því fjölga heilsárssstöðugildum sem og



sumarstarfsfólki. Í ár bættist við garðyrkjufræðingur í fullt starf hjá okkur. Við viljum viðhalda góðu þjónustustigi fyrir félagsmenn ásamt því að vera með golfvelli í fremstu röð á Íslandi.

Síðastliðið vor var ansi erfitt veðurfarslega séð og hafði það mikil áhrif á golfvellina og þá vinnu sem okkar vallarstarfsfólk sinnti í vor. Bakkakotið kom virkilega vel undan vetri og var opnað fyrir spil þar þann 13. maí. Við opnuðum svo fyrir spil á Hlíðavelli þann 18. maí. Hlíðavöllur þurfti smá tíma til að ná sér á strik eftir erfitt vor en var orðinn glæsilegur fljótlega. Við sjáum það í okkar könnunum sem og könnun sem GSÍ lætur gera fyrir sig annað hvert ár að okkar félagar voru ánægð með vallarsvæðin. Við höldum áfram að leggja okkur fram við að hafa okkar vallasvæði eins góð og hægt er og leggjum mikinn metnað í þá vinnu.

Alls voru leiknir 68.663 hringir í sumar sem er talsverð aukning í leiknum hringjum á vallarsvæðum GM sem er mjög ánægjulegt. Júlí og ágúst mánuðir voru sérstaklega góðir veðurfarslega séð og mikið spil. Í þessum tveimur mánuðum voru rétt tæplega 19 þúsund hringir leiknir á Hlíðavelli og 15.000 hringir í Bakkakoti. Líkt og áður þá skiptum við Hlíðavelli upp í tvo níu holu velli í september og hefur það mælst mjög vel fyrir.

Árið 2023 var frábært ár fyrir félags og íþróttastarf Golfklúbbs Mosfellsbæjar. Mikil fjölgun var hjá yngstu kynslóðunum eftir vel heppnuð golf- og leikjanámskeið barna í sumar. Aldrei hafa eins margir iðkendur mætt á námskeiðin en haldin voru 7 námskeið og voru 191 iðkandi á þeim yfir sumarið 2023. Enn sjáum við fjölgun á okkar kylfingum á keppnismótaröðum barna og unglinga en einnig á Mótaröð GSÍ. Alls unnust 8 Íslandsmeistaratitlar og þar ber helst að nefna Íslandsmeistaratitil karla- og kvennasveitar GM í Íslandsmóti golfklúbba og er þetta annað árið í röð sem kvennasveit GM vinnur. Við erum virkilega stolt af þessum árangri hjá okkur og við ætlum okkur svo sannarlega að halda þessu áfram.

Við erum með öfluga og góða kvennanefnd sem stendur fyrir skemmtilegum viðburðum vikulega yfir sumartímann og þátttaka í því starfi hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár að fullyrða að það hafi gengið vonum framar. GM konur eru nú orðnar um 700 talsins. Starfið hófst með púttmótaröð í febrúar sem stóð yfir í 10 vikur þar sem hist var á miðvikudögum. Þátttakan var mjög góð og tóku um 50 konur þátt í púttmótröðinni. Mikil og góð stemming skapaðist í kringum púttkvöldin og hittust konur gjarnan fyrir púttið í mat og drykk á Blik og áttu skemmtilega kvöldstund saman. Þá stóð nefndin fyrir vorfögnuði og öflugri sumardagskrá.

Starfið hjá fyrir kylfinga 65 ára og eldri og heldur áfram að eflast og er virkilega gaman að fylgjast með því hversu vel gengur þar. Yfir sumarmánuðina er spilað golf á okkar völlum ásamt því að fara í heimsóknir á aðra golfvelli. Vetrardagskrá er einnig fjölbreytt með þó nokkrum föstum dagskrárliðum eins og; upphitun með fettum og brettum, púttmótaraðir, golfhermakennsla og -mót. Síðan er breytileg dagskrá þar sem boðið er upp á fræðsluerindi með fjölbreyttu efni tengt lýðheilsu eldri borgara, golfkennslu, félagsvist, bingó og verkefnavinna þar sem hópurinn saman metur stöðuna og vinnur meðal annars með tillögur nýrra viðburða.

Það er gaman að segja frá því að á árinu fengu GM 65+ snillingarnir 100.000 kr. styrk frá U.M.S.K fyrir uppbyggilegt lýðheilsustarf fyrir eldri borgara og var það mikill heiður og hvatning fyrir áframhaldandi uppbyggingu.



## Knattspyrnufélagið Miðbær (KM)

Formaður og framkvæmdarstjóri: Joaquín Linares Córdoba

Árið 2023 fékk KM Hvatningarverdlaunið hjá UMSK.

Grasrótarpersóna KSÍ árið 2023 er Joaquín Linares Cordoba (Formaður og framkvæmdarstjóri hjá KM) og hlýtur hann nafnbótina fyrir störf sín hjá Knattspyrnufélaginu Miðbæ (KM). Leikmenn liðsins eru af fjölmörgum þjóðernum og eru allir velkomnir. Íslendingar, aðfluttir, flóttamenn, hælisleitendur - eiga þennan vettvang þar sem allir eru jafnir og spila saman fótbolta.

KM var stofnað árið 2013 af nokkrum áhugaleikmönnum frá Spáni, búsettum á Íslandi, í þeim tilgangi að taka þátt í Gulldeildinni sem er áhugamannadeild.

Árið 2018 skráði félagið fyrst lið til leiks í 11 manna bolta hjá KSÍ og hóf þá leik í 4. Deild Íslandsmótsins í knattspyrnu.

Eftir 5 ára þátttöku náði KM besta árangri og stigameti á Íslandsmóti sumarið 2023.

Liðið æfir og spilar heimaleiki í Kórnum í Kópavogi.

Í dag er liðið skipað um 35 leikmönnum af 18 mismunandi þjóðernum.




Á starfsárinu 2023 tóku ríflega 5.000 virkir iðkendur og yfir 400 þjálfarar og aðrir starfsmenn þátt í starfsemi félagsins, að ógleymdum þeim mikla fjölda sjálfboðaliða sem situr í stjórnum deilda, ráðum og nefndum, eða kemur að starfinu á annan hátt.

Hjá félaginu eru sem fyrr starfandi sjö deildir: fimleika-, handknattleiks-, knattspyrnu-, körfuknattleiks-, lyftinga-, sund- og almenningsíþróttadeild. Uppgjör ársins 2023 er ekki klárt en stefnt er að því að halda aðalfund um miðjan apríl. Lausafjárstaða félagsins í árslok 2023 er sterk, og því má þakka miklu aðhaldi í rekstri síðustu ár. Mjög mismunandi er á milli deila hvernig reksturinn kemur út. Ekki verður komist hjá því að halda áfram sama aðhaldi.

Það veldur áhyggjum að fyrirtæki almennt eru að draga saman í styrkjum til íþróttafélaganna og sjáum við litlar breytingar eftir að lögum um styrki til Almannaheillafélög breyttust. Þeir bakhjarlar sem að eru á bakvið Umf Stjörnuna hafa margir hverjir stutt félagið svo árum skiptir og fyrir það erum við gríðarlega þakklát. Framundan eru gríðarlega krefjandi ár í rekstri

íþróttafélaga og þá sér í lagi rekstri á afreksíþróttum. Kostnaður tengdur afreksíþróttum hefur hækkað gríðarlega og þá sér í lagi laun þeirra sem koma að því starfi.

Stjarnan náði góðum árangri á ýmsum vístöðvum á árinu. Karla- og kvennalið félagsins í hópfimleikum urðu Íslandsmeistarar á árinu, kvennalið félagsins í körfuknattleik tryggði sér sæti í Subway deild kvenna ásamt því að komast í fjögurra liða úrslit í bikarkeppni KKÍ. Karlalið félagsins í körfubolta fór í bikarúrslit og beið þar lægri hlut fyrir liði Vals. Meistaraflokkur kvenna í knattspyrnu tók þátt í Evrópukeppni á árinu, meistaraflokkur karla náði góðum árangri í Bestu deildinni og tryggði sér þátttökurétt í Evrópukeppni árið 2024. Handbolti karla tók þátt í undanúrslitum í bikar. Þá eru ótaldir allir þeir fjölmörgu titlar sem yngri flokkar félagsins söfnuðu að sér á árinu og ljóst að framtíðin í Garðabænum hefur sjaldan verið jafnt björt og einmitt nú. Er Stjarnan virkilega stolt af okkar frábæra íþróttafólki og er ómetanlegt að hafa jafn sterkar og jákvæðar fyrirmyndir innan okkar raða. Góð ásókn var í sumarnámskeið félagsins á síðastliðnu sumri og var einstaklega vel tekið í ný námskeið sem boðið var upp á fyrir eldri iðkendur.



Í bænum er mjög góð aðstaða til íþróttaiðkunar en betur má ef duga skal þar sem félagið hefur stækkað mjög ört á síðustu árum og þarf félagið í samstarfi við Garðabæ að hafa sig alla við til þess að fylgja þeirri fjölgun iðkenda í aðstöðu og búnaðarmálum. Miðgarður hefur gert mikið fyrir knattspyrnudeild og sjáum við það á iðkendatölum hvað svona flott aðstaða skilar sér í fjölgun iðkenda.

Stjarnan er ákaflega stolt af því mikilvæga hlutverki sem félagið gegnir í samfélaginu okkar í Garðabæ. Félagið er meðal stærstu þjónustuaðila




í bæjarfélaginu og er hlutverk þess þríþætt: • Barna- og unglingastarf • Afreksstarf • Almenningsíþróttir fyrir fullorðna Í barna- og unglingastarfinu er hugsjónin fyrst og fremst að skila út í samfélagið sterkum einstaklingum sem læra í gegnum íþróttirnar að takast á við gleði og sorgir, sigra og töp, meðbyr og mótlæti. Ekki má heldur gleyma því mikla forvarnargildi sem þátttaka í skipulögðu íþróttastarfi hefur. Slík þátttaka, ásamt samvistum við forráðamenn og fjölskyldu, eru tveir stórir þættir sem hafa áhrif til góðs þegar litið er til áhættuhegðunar barna og ungmenna. Afar mikilvægt er að halda ótrauð áfram á braut forvarna og hlúa enn betur að því starfi sem unnið er á þessu sviði. Sérstaklega þarf að koma í veg fyrir brottfall á unglingsaldri og til skoðunar hlýtur að koma til skoðunar að reka á þeim aldri bæði afrekslínu og almenningslínu mögulega með færri æfingum í viku hverri og ekki með sömu áherslu á keppni.

Í afreksstarfi er Stjarnan í fremstu röð. Auk þeirrar sigurhefðar, skemmtanagildis, samstöðu og félagslegrar samveru sem afreksstarfið elur af sér er eitt af stóru hlutverkum afreksstarfsins að skapa fyrirmyndir fyrir yngri iðkendur. Eins og áður hefur komið fram er ómetanlegt að eiga sterkar fyrirmyndir og óhætt er að fullyrða að í Stjörnunni eigum við fjöldann allan af slíkum sem við öll, börn og fullorðnir, getum stolt litið upp til. Samstaðan sem myndast í kringum afreksfólkið okkar á stóran þátt í að þjappa okkur saman og við finnum fyrir því að tilheyra stærri heild.
Skíni Stjarnan!

Fyrir hönd aðalstjórnar Stjörnunnar,
Sigurður Guðmundsson, formaður

Karatefélag Garðabæjar er lítið og nýtt félag. Árið 2023 færðist öll starfsemi yfir í Ásgarð en áður hafði starfsemin bæði í Ásgarði og Sjálandsskóla. Iðkendur eru um 25 talsins og fer fjölgandi. Það er að stórum hluta yfirþjálfara okkar Vicente Carrasco að þakka en hann býr yfir áratugareynslu í þjálfun karete og ber starf félagsins á sínum herðum.

Karate hentar flestum börnum og býður upp á tækifæri á því að æfa og keppa í hóp og sem einstaklingur. Það er því frábær félagsskapur í boði á sama tíma og börnin fá tækifæri til að sýna sig og sanna sem einstaklingar. Karate reynir bæði á líkamlegan og andlegan styrk og er frábær undirbúningur fyrir þær áskoranir sem lífið býður upp á.

Karate er frábær og skemmtileg íþrótt sem hentar öllum börnum.



## Ársskýrsla og áritun stjórnar

Ársreikningur Ungmennasambands Kjalarnesþings er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og með hliðstæðum hætti og árið áður.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur á árinu kr. 191.277.382.
Hagnaður var á árinu kr. 266.302 sem stjórnin leggur til að yfirfærist til næsta árs.

Á árinu voru ekki greidd stjórnarlaun. Stjórn félagsins leggur til að með hagnað og breytingar á eiginfjárreikningum verði farið eins og fram kemur í skýringum ársreiknings.

Eigið fé félagsins í árslok 2023 nam kr. 32.822.656 auk eigin fjár sjóða kr. 45.829.209 samtals kr. 78.711.865.

Stjórn Ungmennasamband Kjalarnesþings staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2023.

## Áritun þingkjörinna skoðunarmanna

Þingkjörnir skoðunarmenn Ungmennasambands Kjalarnesþings, hafa farið yfir ársreikning sambandsins fyrir fjárhagsárið 2023 og leggja til við 100. héraðsþing UMSK að hann verði samþykktur.

Magnús Gíslason og Kristján Sveinbjörnsson

# Rekstrarreikningur ársins 2023

| | Skýr. | 2023 | 2022 |
|---|---|---|---|
| ***Rekstrartekjur*** | | | |
| Tekjur | sl 1 | 191.277.382 | 177.025.893 |
| | | 191.277.382 | 177.025.893 |
| ***Rekstrargjöld*** | | | |
| Laun og tengd gjöld | sl 2 | 14.254.073 | 16.046.004 |
| Rekstur skrifstofu | sl 3 | 3.164.055 | 3.586.812 |
| Lottó úthlutað aðildarfélögum | | 133.376.758 | 123.111.810 |
| Lottó úthlutað í afrekssjóð | 7 | 11.830.548 | 10.908.641 |
| Verkefna-, fræðslu- og þjálfarasjóður | 8 | 3.000.000 | 0 |
| Verkefni og viðburðir | sl4 | 10.197.619 | 7.468.769 |
| Annar kostnaður | sl 5 | 3.086.822 | 15.304.490 |
| Afskriftir | 4 | 496.556 | 1.000.000 |
| | | 179.406.431 | 177.426.526 |
| *Hagnaður (tap) fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld* | | 11.870.951 | (400.633) |
| ***Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld*** | | | |
| Vaxtatekjur | | 6.616.667 | 2.639.032 |
| Greiddar vaxtatekjur til Afrekssjóðs | | (1.800.000) | 0 |
| Gengismunur | | 60.755 | 126.991 |
| Vaxtagjöld, fjármagnstekjuskattur og þjónustugjöld | | (1.482.071) | (649.272) |
| Aukagreiðsla til aðildarfélaga | | (15.000.000) | 0 |
| | | (11.604.649) | 2.116.751 |
| ***Hagnaður ársins*** | | 266.302 | 1.716.118 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2023

## *Eignir*

| | Skýr. | 2023 | 2022 |
|---|---|---|---|
| ***Fastafjármunir*** | | | |
| ***Varanlegir rekstrarfjármunir*** | | | |
| Áhöld og búnaður | 4 | 0 | 1.596.556 |
| *Fastafjármunir* | | 0 | 1.596.556 |
| ***Veltufjármunir*** | | | |
| Skammtímakröfur | sl 7 | 20.163.564 | 13.699.454 |
| Bankainnstæður | sl 6 | 89.069.783 | 110.364.812 |
| *Veltufjármunir* | | 109.233.347 | 124.064.266 |
| ***Eignir*** | | 109.233.347 | 125.660.822 |

## *Eigið fé og skuldir*

| | Skýr. | 2023 | 2022 |
|---|---|---|---|
| ***Eigið fé*** | | | |
| Flutt frá fyrra ári | 6 | 32.616.354 | 30.900.236 |
| Hagnaður ársins | 6 | 266.302 | 1.716.118 |
| Eigið fé sjóða | 6,7,8 | 45.829.209 | 49.726.656 |
| *Eigið fé* | | 78.711.865 | 82.343.010 |
| ***Skammtímaskuldir*** | | | |
| Ýmsar skammtímaskuldir | sl 8 | 33.279 | 664.250 |
| Ógreitt til aðildarfélaga | | 28.946.152 | 39.064.283 |
| Laun og launatengd gjöld | | 1.542.051 | 3.589.279 |
| *Skammtímaskuldir* | | 30.521.482 | 43.317.812 |
| *Skuldir* | | 30.521.482 | 43.317.812 |
| ***Eigið fé og skuldir*** | | 109.233.347 | 125.660.822 |

1. ***Starfsemi***

Ungmennasamband Kjalarnesþings er héraðssamband innan Íþrótta- og ólympíusambands Íslands og starfar skv. lögum Ungmennasambands Kjalarnesþings samþykktum 8. febrúar 2001.

2. ***Reikningsskilaaðferðir***

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og samkvæmt almennum reikningsskilaaðferðum með hliðstæðum hætti og árið áður.

Áunnið ótekið orlof fastra starfsmanna er reiknað og fært í ársreikninginn.

3. ***Launamál***

| Laun og tengd gjöld greinast þannig: | ***2023*** | ***2022*** |
|---|---|---|
| Laun og launatengd gjöld ..................... | 14.254.073 | 16.046.004 |
| | 14.254.073 | 16.046.004 |
| Meðalfjöldi starfa ..................... | 1,0 | 1,1 |

4. ***Varanlegir rekstrarfjármunir***

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | ***Áhöld og búnaður*** |
|---|---|
| Heildarverð frá fyrra ári ..................... | 5.193.114 |
| *Heildarverð 31.12.2023* | 5.193.114 |
| Afskriftir frá fyrra ári ..................... | 4.696.558 |
| Afskrifað á árinu ..................... | 496.556 |
| *Afskrifað samtals 31.12.2023* | 5.193.114 |
| ***Bókfært verð 31.12.2023*** | 0 |

5. ***Skattamál***

Ungmennasamband Kjalarnesþings er ekki skattskyldur lögaðili og greiðir því ekki tekjuskatt.

6. ***Eigið fé***

| ***Yfirlit eiginfjárreikninga:*** | ***Óráðstafað eigið fé*** |
|---|---|
| Flutt frá fyrra ári | 30.900.236 |
| Hagnaður ársins | 266.302 |
| | 31.166.538 |
| ***Eigið fé sjóða:*** | |
| Verkefna- og viðburðasjóður | 15.906.026 |
| Vef- og kynningasjóður | 3.065.550 |
| Verkefna-, fræðslu- og þjálfarasjóður | 2.642.005 |
| Afreksmannasjóður | 24.215.628 |
| | 45.829.209 |
| | 76.995.747 |

7. ***Afreksmannasjóður***

| | |
|---|---|
| Skuldbinding frá fyrra ári | 24.105.080 |
| Lagt í Afreksmannasjóð 2023 | 11.830.548 |
| Reiknaðir vextir Afreksmannasjóðs | 1.800.000 |
| Úthlutað úr Afreksmannasjóði 2023 | (13.520.000) |
| | 24.215.628 |

8. ***Verkefna-, fræðslu- og þjálfarasjóður***

| | |
|---|---|
| Skuldbinding frá fyrra ári | 6.650.000 |
| Lagt í Verkefna- og fræðuslusjóð 2023 | 3.000.000 |
| Úthlutað úr Verkefna- og fræðslusjóði 2023 | (7.007.995) |
| | 2.642.005 |

| | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| ***1. Tekjur*** | | |
| Íslenskar getraunir | 2.961.721 | 1.990.644 |
| Lottó ÍSÍ | 71.968.454 | 64.882.114 |
| Lottó UMFÍ | 79.636.500 | 75.557.580 |
| Aukaúthlutun ÍSÍ og UMFÍ | 17.402.599 | 15.912.643 |
| Skattar aðildarfélaga | 2.711.700 | 0 |
| Útbreiðslustyrkur ÍSÍ | 15.617.887 | 15.137.354 |
| Aðrir styrkir og tekjur | 978.521 | 3.545.558 |
| | 191.277.382 | 177.025.893 |
| ***2. Laun og launatengd gjöld*** | | |
| Laun og launatengd gjöld | 12.000.055 | 16.900.316 |
| Áunnið orlof | 994.018 | (974.312) |
| Ökutækjastyrkir | 1.260.000 | 120.000 |
| | 14.254.073 | 16.046.004 |
| ***3. Rekstur skrifstofu*** | | |
| Áhöld og búnaður | 185.995 | 317.100 |
| Bókhald, reikningagerð | 686.619 | 408.952 |
| Burðargjöld | 0 | 85.564 |
| Bækur, tímarit | 0 | 122.590 |
| Húsaleiga | 981.144 | 892.056 |
| Húsnæðiskostnaður annar | 15.760 | 0 |
| Ritföng, pappír, prentun | 51.787 | 371.507 |
| Símakostnaður, internet | 301.404 | 284.131 |
| Tölvukostnaður (tæki, kerfi, leyfi) | 941.346 | 1.104.912 |
| | 3.164.055 | 3.586.812 |

| | | |
|---|---|---|
| | 3.164.055 | 3.586.812 |
| ***4. Verkefni og viðburðir*** | | |
| Vef og kynningarmál | 8.517.703 | 6.000.000 |
| Þing og sérráð | 1.679.916 | 1.468.769 |
| | 10.197.619 | 7.468.769 |
| ***5. Annar kostnaður*** | | |
| Aðkeypt þjónusta | 0 | 658.440 |
| Ferðakostnaður | 0 | 1.026.624 |
| Framlög og styrkir | 519.000 | 2.187.500 |
| Kostnaður vegna geymsluhúsnæðis | 501.720 | 1.184.260 |
| Kostnaður vegna mótahalds | 349.215 | 8.373.697 |
| Kynningar og fræðslumál | 0 | 287.528 |
| Stefnumótun | 0 | 769.420 |
| Vinnufatnaður | 78.714 | 0 |
| Tryggingar | 15.652 | 66.120 |
| Veitingar, fundakostnaður | 895.264 | 750.901 |
| Stjórnunarkostnaður | 727.257 | 0 |
| | 3.086.822 | 15.304.490 |


Við erum
öll í þessu
saman
Lottó
LEIKURINN OKKAR